



Ársskýrsla

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

2019-2020

Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019-2020

Ritstjórar: Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Forsíðumynd er tekin af Þórdísi Þórisdóttur

Skýrslan er aðgengileg á vef Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	6
2.1	Hagnýtar upplýsingar um skólann	6
2.2	Breytingar og viðhald	6
3	Skóladagatöl 2019-2020	6
3.1	Skóladagatal Skýjaborgar	7
3.2	Skóladagatal Heiðarskóla	8
4	Starfsmenn	9
4.1	Breytingar í starfsmannahópnum	11
4.2	Stjórnun og verkaskipting	13
4.3	Verkefnastjórástöður skólaárið 2019-2020	13
4.4	Upplýsingaflæði	13
4.5	Skipulagsdagar	13
4.6	Fundir	14
4.7	Símenntun	15
4.8	Námskeið og ráðstefnur	15
5	Áherslur vetrarins 2019-2020	17
5.1	Skólanámskrá	17
5.2	Umhverfismennt	17
5.3	Skólasamstarf	22
6	Mat á skólastarfi	24
6.1	Innra mat	24
	Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla	24
	Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar	25
	Starfsmannasamtöl	26
6.2	Ytra mat	28
7	Nám og kennsla	29
7.1	Fjöldi barna í Heiðarskóla	29
7.2	Fjöldi barna í Skýjaborg	29
7.3	Sameiginlegar skýrslur 2018-2019	30
	Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg	30
7.4	Skýrslur Heiðarskóla 2019– 2020	34
	Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2020	34
	Teymisskýrsla miðstigs vorið 2020	36

Teymi unglingastígs vorið 2020	39
Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2020	43
Skólaíþróttir vorið 2020.....	45
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2020.....	46
Skýrsla frá starfsfólki í tómstund vorið 2020.....	47
Skýrsla frá starfsfólki í frístund vorið 2020.....	47
Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla vorið 2020.....	49
Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2020	50
Samantekt matráða vorið 2020.....	50
7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2019-2020.....	50
Leikskólastarf í Skýjaborg	50
7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu	52
Skýjaborg.....	53
Heiðarskóli.....	55
8 Foreldrasamstarf	59
8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	59
8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	59
9 Heiðarborg.....	61
10 Viðhengi 1.....	62
10.1 Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019-2020	62

1 Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um starfsemi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skólaárið 2019-2020. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið. Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einum eða öðrum hætti, skólastjórar, Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, ritstýra verkinu.

Skýrslan er send til fræðslunefndar, til skólaráðs og foreldrafélags, auk þess sem hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Segja má að skólaárið hafi heldur betur komið öllum á óvart þegar heimsfaraldur vegna kórónaveirunnar skall á. Starfsmenn skólans þurftu með stuttum fyrirvara að endurskipuleggja starfið í samræmi við tilmæli stjórnvalda um takmarkað skólastarf sem stóð frá 17. mars til og með 30. apríl.

Í Skýjaborg voru gerðar breytingar v/COVID-19. Það þurfti að með stuttum fyrirvara að gera breytingar á starfinu og skipulagningu deildanna og stóð þetta frá 17.mars til og með 30.apríl. Ekki þurfti að loka leikskólanum né kom upp smit í leikskólanum.

Í Heiðarskóla var nemendum og starfsmönnum skipt í 4 aðgreinda hópa, neyðarútgangar voru nýttir til inn- og útgöngu. Hóparnir voru einnig aðgreindir í skólabílum í samræmi við leiðbeiningar. Matráður útbjó snarlvagn á hverjum degi sem rúllað var inn á aðgreind svæðin. Sérstakt þrífateymi sá um ræstingu og aukna sótthreinsun samkvæmt leiðbeiningum. Nemendur mættu í skólann kl. 8:20 að morgni og heimkeyrsla var kl. 11:30. Af 180 lögbundnum skóladögum nemenda voru 27 skertir. Þar við bættust 9 skóladagar í fjarnámi hjá nemendum og starfsmönnum unglingadeildar er þeir fóru í sóttkví frá 1. – 14. maí. Auk þess féll niður árshátið Heiðarskóla sem telst einn af 180 dögum og einn auka skipulagsdagur var settur inn 16. mars. Ýmsir viðburðir féllu niður eða var frestað t.a.m. skólasamstarf, danskennsla, fyrirhuguð tónmenntakennsla, frístund, tómstund, umhverfisráðstefna, hefðbundin list- og verkgreinakennsla ásamt skólaþróttum, upplestarkeppni, Kanadaferð, fundum, aðkoma sérfræðinga o.fl. Reynslan af skertu skólahaldi er hins vegar á margan hátt lærdómsrík. Starfsfólk tók fljótlega eftir því að þó tíminn væri skertur þá nýttist hann vel til náms í samfelldu skólastarfi án skólabjöllu. Nemendur nýttu tímann vel þar sem áhersla var á námið og að ljúka verkefnum fremur en að uppfylla vinnu í ákveðinni námsgrein í tilgreindar mínútur samkvæmt stundaskrá. Að sjálfsögðu var passað upp á félagslega þáttinn, útinám, hreyfingu og skapandi verkefni. Starfsfólk var duglegt að læra á og nýta fjarfundarbúnað. Reynslan sýnir okkur að við getum lært heilmikið af þessu tímabili og nýtt okkur í framtíðinni.

Hvalfjarðarsveit, 2020

Eyrún Jóna Reynisdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, skólastjóri Skýjaborgar

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla

2 Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og útinám. Unnið er með byrjenda- og leikskólalæsi. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í miðju íbúðahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði Johns Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er grunnskóli með um 75 nemendur í 1. - 10. bekk. Árið 2011 var skólinn fluttur í nýtt húsnæði. Skólinn stendur við Leirá, stutt er í ósnortna náttúru og skemmtileg skólalóð er við skólann. Í skólanum er lögð áhersla á umhverfismennt, spjaldtölvunotkun og uppbyggingu sjálfsgæða - uppleiði til ábyrgðar.

2.1 Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Heimasíða: www.skoli.hvalfjardarsveit.is

Grunnskólasvið:
Heiðarskóli
301 Akranes
s: 433 8525
Skólastjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Leikskólasvið:
Skýjaborg
Innrimel 1, 301 Akranes
s: 433 8530
Skólastjóri: Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir

2.2 Breytingar og viðhald

Skýjaborg: Í vetur var þrífamálað inn á regnboga ásamt því að það var lagað í kringum vaska á wc þar.

Heiðarskóli: Settir voru upp þrír nýir skjávarpar, í heimilsfræðistofu, stofu 101 og á bókasafni. Stofur 101 og 102 voru þrífamálaðar og lekaskemmdir lagfærðar í stofu 103.

3 Skóladagatöl 2019-2020

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar gefur út tvö skóladagatöl, eitt fyrir Skýjaborg og annað fyrir Heiðarskóla. Skóladagatölin eru samræmd eins og kostur er til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á auknu samstarfi milli sviða. Skóladagatölin eru samþykkt af Skólaráði og Fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar að vori.

3.1 Skóladagatal Skýjaborgar

Skóladagatal 2019 - 2020											
Samband íslenskra sveitarfélaga											
Nafn skóla:											
Heibarskóli											
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 Mennar / Hólabrenna
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 Vorleikur 1. - 7. bekk
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 F	3 S	3 M	3 Skóladagur / Skólaárið
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 Skóladagur
5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 Skóladagur
6 Þ	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 Þ	6 Skóladagur
7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 M	7 L	7 S	7 M	7 F	7 Þ	7 Skóladagur
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 Þ	8 Skóladagur
9 F	9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 Skóladagur
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 Skóladagur
11 S	11 M	11 L	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 Skóladagur
12 M	12 F	12 Þ	12 S	12 M	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 Skóladagur
13 Þ	13 M	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Skóladagur
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Skóladagur
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 Skóladagur
16 F	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 Skóladagur
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 Skóladagur
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 Skóladagur
19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 Skóladagur
20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 Þ	20 S	20 Skóladagur
21 M	21 F	21 M	21 L	21 S	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Skóladagur
22 F	22 M	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 Skóladagur
23 F	23 M	23 L	23 M	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 Skóladagur
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 Þ	24 M	24 F	24 S	24 M	24 Skóladagur
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 Skóladagur
26 M	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 S	26 F	26 M	26 F	26 Þ	26 F	26 Skóladagur
27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 Skóladagur
28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 F	28 Þ	28 S	28 Skóladagur
29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 Skóladagur
30 F	30 M	30 L	30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 Skóladagur
31 L	31 M	31 Þ	31 F	31 M	31 S	31 Þ	31 F	31 M	31 S	31 L	31 Skóladagur

Sankvænt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda á starfstíma nemenda eru 8. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

3.2 Skóladagatal Heiðarskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga	Nafn skóla:	Heiðarskóli
---------------------------------	-------------	-------------

Skóladagatal 2019 - 2020

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 Þ	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 Þ	12 F	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 M	14 Þ	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 F	14 F	14 S
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M
16 F	16 M	16 F	16 Þ	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 Þ	20 S	20 M	20 F	20 L	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 L	23 F	23 Þ
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F
27 Þ	27 S	27 M	27 F	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 F	28 F	28 S
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 F	29 F	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 L		31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 S	31 S	31 Þ

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4 Starfsmenn

Heildarfjöldi þeirra starfsmanna sem störfuðu við skólann var 46, en þar af 7 starfsmenn sem voru í leyfi stóran hluta af skólaárinu. Hér má sjá yfirlit starfsfólks og stöðugildi í skólanum.

	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Heiðarskóli:			
1	Arna Kristín Sigurðardóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi. Trúnaðarmaður kennara	100	
2	Árdís Hauksdóttir	Skólaliði	91	Hætti störfum 1. mars 2020
3	Ásrún Ösp Jóhannesdóttir	Skólaliði	88	Leyfi til 19. janúar 2020. Tímabundið í ræstingu eftir skóla. Hætti 1. apríl 2020.
4	Berglind Bergsdóttir	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
5	Berglind Sigurðaróttir	Stuðningsfulltrúi	100	
6	Birna Sólrún Andrédóttir	Starfsmaður í íþróttahúsi og í frístund	100	Afleysing til 31. des 2019
7	Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari á miðstigi	100	
8	Helena Bergström	List- og verkgreinar og umsjón með Grænfána	100	
9	Helga Harðardóttir	Íþrótt-, list- og verkgreinakennari	100	
10	Hrafnhildur Maren Ýr Árnadóttir	Kennari á miðstigi	50	Leyfi allt árið.
11	Jóhanna S Vilhjálmisdóttir	Stuðningsfulltrúi	100	Leyfi til 1. mars. 25% í mars og apríl, 50% í maí.
12	Jónella Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari á miðstigi og umsjón með bókasafni	80	
13	Katrín Guðmundsdóttir	Matráður	100	
14	Katrín Rós Sigvaldadóttir	Sérkennsla og námsráðgjöf	100	
15	Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	80	Þar af 20 % í Skýjaborg
16	María Edda Sverrisdóttir	Stuðningsfulltrúi	80	Ráðin til eins árs
17	Magnús Sigurjón Guðmundsson	Starfsmaður í íþróttahúsi	75	Starfsmaður Heiðarskóla til áramóta, frá áramótum starfsmaður Heiðarborgar.
18	Perrine Kervoas	Skólaliði	80	Afleysing til 19. janúar.
19	Sigríður Björk Kristinsdóttir	List- og verkgreinakennari	80	Leyfi allt árið
20	Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100	
21	Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Skólastjóri og forföll	100	
22	Sigurður Þ. Sigurþórsson	Aðstoðarskólastjóri og íþróttakennsla	100	
23	Sigurður Tómasson	Kennari á miðstigi og umsjón með tölvum	100	
24	Sólrún Jörgensdóttir	Skólaliði	91	Afleysing til 1. mars, þá fastráðin.
25	Sunneva Hlín Skúladóttir	Stuðningsfulltrúi	100	Afleysing allt skólaárið
26	Þórdís Þórisdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi	100	Þar af 20% í Skýjaborg
27	Örn Arnarson	Umsjónarkennari á unglingastigi	100	
28				
29				

		Stöðugildi í upphafi skólaárs:	21,85	Þar af 0,4 starfandi í Skýjaborg
		Stöðugildi í lok skólaárs:	18,81	1,75 starfsmenn Heiðarborgar frá áramótum, 0,88 stöðugildi skólaliða hætti 1. apríl, 0,41 stöðugildi skólaliða/tómstund/fristun d leyst á annan hátt frá 4. maí.
	Nafn	Starfsheiti:	Ráðningar hlutfall	Athugasemdir:
	Skýjaborg:			
1	Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri	100	
2	Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100	
3	Arnbjörg Jónsdóttir	Afleysing matráður	50	Afleysing f/matráð 1.10.-31.12
4	Ásdís Eva Halldórsdóttir	Leiðbeinandi	100	Hóf störf 17.1 í afleysingar v/veikinda
5	Brynja M.Brynjarsdóttir	Leiðbeinandi		Hóf störf 9.okt í afleysingar v/manneklu og hætti 1.nóvember
6	Elfa Dís Daðadóttir	Leiðbeinandi		Afleysing í maí og byrjar svo í sumarafleysingum í júní-ágúst.
7	Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100	Barnseignarleyfi frá 30.ágúst 2019-4.ágúst 2020
8	Guðbjörg G. Benjamínsdóttir	Matráður	100	40% frá 6.ágúst til 31.des“19. 50% frá 1.jan-6.ágúst 2020
9	Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	Leikskólastjóri	100	Leysir leikskólastjóra af frá 6.ágúst 2019-4.ágúst 2020
10	Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	57	
11	Kristel Guðmundsdóttir	Ræstitaeknir	38	
12	Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100	Veikindaleyfi frá 27.janúar-4.ágúst
13	Ingibjörg Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	100	Fór 6.janúar 71% og fór svo niður í 50% 6.febrúar og svo í veikindaleyfi 18.febrúar. Barnseignarleyfi þann 21.apríl.
14	Lilja Gréta Kristjánsdóttir	Leikskólakennari	71	Byrjaði í september 2019 í 100% stöðu og minnkaði svoí 71% 2.janúar 2020
15	Margrét A. Kristófersdóttir	Afleysing matráður	50	6.8.-30.9.2019
16	Perrine Kervoas	Afleysing matráður	50	Apríl 2020
17	Ragna Ívarsdóttir	Leiðbeinandi	100	50% frá 18. mars og veikindaleyfi frá 22. Júní
18	Sigurbjörg Friðriksdóttir	Aðstoðarleikskólastjóri/ Deildarstjóri	100	
19	Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100	
20	Úrsúla Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi		Hóf störf 1.nóvember í afleysingar v/manneklu, hætti 1.desember
21	Vigdís Erla Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi		Afleysing í maí og byrjar svo í sumarafleysingum í júní-ágúst.

21	Selma Bríet Brynjarsdóttir	Afleyfing matráður/leiðbeinandi	60 og 40	Hóf störf 17.1.2019
22	Sigríður Elín Sigurðardóttir	Leiðbeinandi		Hóf störf 21.nóvember v/mannekle og hætti 31.12.2019
		Stöðugildi starfsmanna Skýjaborgar samtals:	11,44	

Stöðugildi í Skýjaborg reiknaðist eftirfarandi fyrir skólaárið 2019-2020:

Stjórnun	1,1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	6,413
Sérkennsla	0,25
Afleysing v. undirbúnings	0,663
Afleysing 8,33%	0,73
Stytting vinnuvikunnar	1,284
ALLS	11,44

Sérkennsluþörf leikskólans skiptist eftirfarandi: 0,25 stöðugildi vegna tveggja tvítýngdra barna. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

4.1 Breytingar í starfsmannahópnum

Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar fór Eyrún Jóna Reynisdóttir leikskólastjóri í barnsburðarleyfi 31. ágúst og leysti Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir hana af til 6.júlí. Í ágúst kom Agnieszka Aurelia Korpak í 100% afleysingu sem deildarstjóri á Dropanum fyrir Guðmundu Júlíu Valdimarsdóttir ásamt því að Sigurbjörg Friðriksdóttir leysti Guðmundu Júlíu Valdimarsdóttir af sem aðstoðarleikskólastjóra þennan veturinn. Í september hætti Íris Tinna Ingólfssdóttir, iðjuþjálfari í 80% stöðu í leikskóla og 20% í grunnskóla. Kristel Guðmundsdóttir var ráðin inn í leikskólann sem ræstitækni. Í september fengum við í 100% starf Lilju Grétu Kristjánsdóttir, leikskólakennara og minnkaði hún svo sína vinnu á áramótum í 71%. Ásdís Eva Halldórsdóttir, Árdís Hauksdóttir, Brynja M. Brynjarsdóttir, Selma Bríet Brynjarsdóttir og Úrsúla Guðmundóttir komu inn í afleysingar vegna langtímaveikinda ásamt því að leysa eitthvað af önnur veikindi í leikskólanum.

Í sumar komu til starfa Elfa Dís Daðadóttir og Vigdís Sigmundsdóttir.


Í vetur var matráður í 35% starfi frá hausti til áramóta og fór þá í 50% starf frá áramótum. Afleysingar á mótí matráð byrjaði Margrét A. Kristófersdóttir í 75% stöðu að hausti til 30.9 og þá tók Arnbjörg Jónsdóttir við af henni til áramóta. Eftir áramót kom Selma Bríet Brynjarsdóttir í afleysingu á mótí matráð í 60% stöðu til 6.júlí.

Í Heiðarskóla var María Edda Sverrisdóttir ráðin í 80% stuðningsfulltrúastöðu skólaárið 2019 – 2020. Magnús Sigurjón Guðmundsson var ráðinn sem starfsmaður í íþróttahúsi og tómstund til áramóta í 75%. Perrine Kervoes var ráðin í 75% stöðu skólaliða í afleysingu til 19. janúar. Birna Sólrún

Andrésdóttir var ráðin í afleysingar til áramóta sem starfsmaður í íþróttahúsi í 75% og sem starfsmaður í frístund í 25%. Árdís Hauksdóttir skólaliði hætti störfum 1. mars 2020. Í hennar stöðu var ráðin Sólrún Jörgensdóttir áður starfsmaður Heiðarborgar. Ásrún Ösp Jóhannesdóttir skólaliði hætti störfum 1. apríl 2020. Kennararnir Hrafnhildur Maren Ýr Árnadóttir og Sigríður Björk Kristinsdóttir voru í leyfi allt skólaárið og sögðu upp störfum vorið 2020.

4.2 Stjórnun og verkaskipting

Nýtt skipurit tók gildi haustið 2017.



4.3 Verkefnastjórstöður skólaárið 2019-2020

Enginn verkefnastjóri var starfandi síðast vetur.

4.4 Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólafréttabréfi sem skólastjórar senda á alla starfsmenn skólans í lok hverrar viku. Bréfið, sem sent er í tölvupósti, inniheldur upplýsingar um hvað er framundan í skólastarfinu.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, og hagnýtar upplýsingar.
- Fréttabréf sem sent er út í gegnum Mentor á foreldra Heiðarskóla einu sinni á skólaárinu.
- Upplýsingapóstur í tölvupósti til foreldra eftir þörfum.
- Opnum Facebook síðum Skýjaborgar og Heiðarskóla.

4.5 Skipulagsdagar

Einn sameiginlegur skipulagsdagur var á skólaárinu.

- 14. ágúst: Námskeið um líkamsbeitingu og hvað hver og einn getur gert til að stuðla að góðri heilsu. Heilsufarsmæling fyrir þá sem vildu.

Í Skýjaborg voru 5 aðrir skipulagsdagar (4 heilir og 2 hálfir):

- 13. september: Lilja Gréta Kristjánsdóttir leikskólakennari var með námskeið fyrir starfsfólk í Numicon ásamt því að Agnieszka Aurelia Korpak var með námskeið í einingakubbum. Deildarfundir. Starfsmannafundur - Undirbúningur vetrarstarfs.
- 11. október: Allir starfsmenn fóru á útikennsluráðstefnu Leikur að læra -Útinám er leikur einn.
- 2. janúar frá Kl. 8:00-12:00: Starfsmannafundur, deildarfundir.
- 17. febrúar: Allir starfsmenn fóru í heimsóknir í tvo leikskóla á Reykjavíkursvæðinu, leikskólinn Sólstarfir (Waldorf) og leikskólann Laufásborg (Hjallastefnan).
- 16. mars: Haldinn var skipulagsdagur þennan dag (átti að vera hálfur skipulagsdagur þann 18.mars sem féll niður). Kom allt starfsfólk saman þennan dag til að skipuleggja breytt starf v/COVID-19.
- 6. apríl: Átti að vera skipulagsdagur þennan dag en hættum við v/COVID-19.

Í Heiðarskóla voru 14 aðrir skipulagsdagar, þar af 6 á starfstíma skólans og 8 utan starfstíma skólans:

- 15. ágúst: KÍV þing kennara og skólastjórnenda í Stykkishólmi.
- 16. – 21. ágúst: Undirbúningur fyrir skólaárið, skólastjórnendur fóru yfir verkefni vetrarins með hverjum og einum. Námsáætlanir í Mentor og undirbúningur fyrir skólaárið.
- 13. september: Starfsmannafundur, uppeldi til ábyrgðar, starfsmannasáttmáli o.fl.
- 16. október: Starfsmannafundur, ný skjalavistunaráætlun kynnt o.fl. Undirbúningur og teymisfundir. Almennir starfsmenn í verslunarferð.
- 6. janúar: Hópeflisferð á Vox og fyrirlestur um tengslavanda barna á Bugl.
- 14. febrúar: Fólk vann heima vegna rauðrar viðvörunnar frá Veðurstofu Íslands.
- 16. mars: Auka skipulagsdagar vegna tilmæla almannavarna um takmarkanir á skólahaldi vegna Covid-19. Starfsfólk skipulagði skólastarfið miðað við tilmælin.
- 3. júní: Vitnisburður og undirbúningsvinna fyrir skólaslit.
- 4. – 8. júní: Fundir, skýrslugerð, sjálfsmatsvinna, frágangur og tiltekt. Sameiginleg máltíð á Gamla Kaupfélaginu á lokadegi.

4.6 Fundir

Skólastjórn, skipuð skólastjórum og aðstoðarskólastjórum beggja sviða, reyndu eftir föngum að halda vikulega samráðsfundi á mánudögum kl. 13:00 – 14:00. Vegna forfalla dattu þó nokkuð margir fundir út en einstaka mál voru þá leyst í síma, í takmörkuðu skólastarfi voru fundir haldnir á teams. Á fundum skólastjórnar var m.a.:

- farið yfir fagleg mál skólans
- unnið að stefnumótun og framfylgd stefnu
- unnið við skipulagningu
- rætt um sameiginleg verkefni
- starfsmannamál
- skýrslugerðir - Ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá – starfsáætlun.

Í Skýjaborg voru deildarstjórafundir áætlaðir á þriðjudögum frá 13:15-14:15 sem deildarstjórar og leikskólastjóri sátu. Þá voru deildarfundir einu sinni í viku á mánudögum kl. 10:00-11:00 og fékk hvor deild annan hvorn mánudag.

Í Heiðarskóla voru starfsmannafundir einu sinni í mánuði. Á miðvikudögum voru kennarafundir. Örfundir með öllum starfsmönnum voru á þriðjudagsmorgnum kl. 8:05 – 8:15. Fastir fundir voru á mánudagsmorgnum kl. 8:00 þar sem skólastjóri fundaði ýmist með Nemendafélagi skólans, starfsfólki í tómstund eða almennum starfsmönnum. Fundað var með þrífateymi eftir þörfum.

Tveir skólasamstarfsfundir voru haldnir á árinu þar sem skólasamstarfið var skipulagt, farið yfir stöðuna og metið hvernig til tókst.

Til stóð að halda einn sameiginlega fagfund með öllum starfsmönnum Leik- og grunnskóla en vegna Covid-19 var honum frestað um ár. Starfsfólk var þó undirbúið fyrir fundinn og áherslan þetta árið var á læsi. Hver og ein deild átti að kynna fyrir samstarfsfólki læsisvinnu innan sinnar deildar eða stigs.

4.7 Símenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

Kennarar í fullu starfi í Heiðarskóla eiga að sækja sér endurmenntun sem hér segir:

- Kennari yngri en 30 ára: 150 tímar utan starfstíma / 113 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 30 til 38 ára: 126 tímar utan starfstíma / 95 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 38 ára og eldri: 102 tímar utan starfstíma / 77 tímar innan starfstíma skóla

4.8 Námskeið og ráðstefnur

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Skýjaborg:

- 14. ágúst: Námskeið um líkamsbeitingu og hvað hver og einn getur gert til að stuðla að góðri heilsu. Heilsufarsmæling fyrir þá sem vildu.
- 13. september: Skipulagsdagur allir starfsmenn fengu námskeið í Numicon og í einingakubbum.
- 23. september og 14. október: Einn starfsmaður sótti TRAS námskeið.
- 25. september- 18. október: Einn starfsmaður sótti námskeið í Íslenska hljóðmælinum.
- 3. október: Einn starfsmaður sótti námskeið á menntaviku hjá HÍ.
- 11. október: Skipulagsdagur „Leikur að læra“ námskeið allar.
- 4. nóvember: Einn starfsmaður sótti námskeið í Erfiðum starfsmannamálum hjá endurmenntun HÍ.
- 8. nóvember: Einn starfsmaður sótti námskeið í Bernskulæsi.

- 20. nóvember: Tveir starfsmenn sóttu fyrirlestur hjá Kraganum innan FSL.
- 31. janúar: tveir starfsmenn fóru á morgunverðarfund hjá Rannung „faglegir leiðtogar í leikskólstarfi“.
- 7. febrúar: Einn starfsmaður sótti ráðstefnu hjá Landvernd „Við getum öll haft áhrif“.
- 15. - 21. febrúar: Tveir starfsmenn fóru til Eistlands v/ HOPS-verkefni á vegum Grænfánans.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað í Heiðarskóla, listinn tekur ekki á einstökum námskeiðum sem starfsmenn sóttust eftir að fara á heldur er frekar um áherslur skólans að ræða:

- Líkamsbeiting og heilsufarsmæling
- Kennaraþing, erindi frá Kvan - Þú hefur áhrif, auk þess fjölbreytt örnámskeið og málstofur.
- Námskeið fyrir sundlaugarstarfsmenn – fjórir starfsmenn.
- Sjálfsstyrking nemenda fyrir alla starfsmenn – Katrín Rós Sigvaldadóttir.
- Læsisfyrirlestur fyrir kennara – Þórdís Þórisdóttir.
- Öryggistrúnaðarnámskeið – einn starfsmaður fór.
- Trúnaðarmannanámskeið kennara – einn starfsmaður fór.
- Kanadasamstarf – hvernig gerum við góðan skóla enn betri?
- Skjalavistunaráætlun skólans.
- Tengslavandi barna – erindi á Bugl fyrir alla starfsmenn skólans.
- Jafnréttis og kynjafræðsla fyrir alla starfsmenn skólans – Arna Kristín Sigurðardóttir.
- Teach námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafarþjónustu ríkisins – 2 starfsmenn fóru.
- Námskeið fyrir bóksafnsfræðinga – einn starfsmaður fór.
- Rýmingaræfing
- Landvernd, ráðstefna – einn starfsmaður fór og hélt erindi um lofstlagsvef Heiðarskóla.
- Lífsleikni, forvarnir og geðrækt. Námskeið á vegum landlæknis, einn starfsmaður fór.

5 Áherslur vetrarins 2019-2020

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun. Í vetur hófst vinna við að yfirfara lífsleikni- og forvarnaráætlun, stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu haustið 2020. Skólanámskrá má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>

5.2 Umhverfismennt

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar hefur verið í mörg ár þátttakandi í Grænfánaverkefni. Hér má sjá yfirlit yfir hvað var gert á skólaárinu á hvoru sviði fyrir sig varðandi umhverfismennt.

Umhverfismennt í Skýjaborg 2019-2020

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir sjö fundir í umhverfisnefnd barna og einn í umhverfisnefnd starfsfólks.

Nýtt grænfánatímabil hófst í haust og ný aðgerðaráætlun leit dagsins ljós. Megin þemu nýrrar áætlunar eru vatn og lífbreytileiki. Mesta vinna vetrarins fór í Hob's Adventure verkefnið sem skólinn er þátttakandi í. Við rýndum og gagnreyndum verkefni frá öðrum þátttökubjóðum. Við söfnuðum laufi, skoðuðum heiti plöntuhluta, veltum fyrir okkur ólíkum gerðum af fræjum og bjuggum til fuglafóður. Við veltum því fyrir okkur hvaðan vatn kemur, hvernig við notum vatn, og hvernig við getum sparað vatn. Fórum í gönguferðir og skoðuðum vatn, læk og svell. Við bjuggum til leikinn „Verndum skóginn“.

Í vor settum við niður paprikufræ, tómatafræ, gúrkufræ og eplafræ. Við fylgjumst með vexti og vökvum. Í gróðurkassann úti settum við niður kartöflur, radísu- og spínatfræ.

Alla daga ræðum við endurnýtingu, endurvinnslu, matarsóun og hvernig við spörum pappír og orku. Einnig eru verkefnin sem eru á mánaðartengda grænfánaverkefnalistanum unnin.

Starfsmaður sótti ráðstefnu „Skóla á grænni grein“ sem bar yfirskriftina *Við getum öll haft áhrif* þar sem sérstök áhersla var lögð á loftslagsbreytingar og valdeflingu nemenda í því samhengi.

Tveir starfsmenn fóru til Eistlands þar sem lögð var lokahönd á Hob's verkefnið. Afrakstur verkefnisins rafræn bók hefur að geyma fjöldan allan af náttúrufræðiverkefnum fyrir börn og er opin öllum.

Sigurbjörg Friðriksdóttir, maí 2020

Umhverfismennt í Heiðarskóla 2019 – 2020

Umhverfismennt í skólastarfinu er fjölbreytt verkefni. Við hugsum stórt og út í heim. Hvað er að gerast úti í heiminum? Skógaeldar eru orðnir áberandi í fréttum og einkaneysla okkar hefur áhrif á fjölskyldur langt í burtu. Við skoðum nærumhverfi okkar og hvernig lífsstíl okkar hefur áhrif á okkur. Við viljum öll fallega náttúru, fjölmörg dýr og gróður í kringum okkur og góð heilsa skiptir öllu máli.

Svona pælingar gera það að verkum að við lítum á útivist og jákvæða upplifun í náttúrunni sem grundvallaratriði í umhverfismennt. Við þurfum að vekja áhuga og fá nemendur og starfsfólk til að taka ábyrgð á gerðum sínum og lífsstíl, til að ná árangri.

Verkefnin sem voru unnin í vetur vitna um það þó að við höfum þurft að aðlagga okkur að alveg nýjum aðstæðum vegna Covid-19. Nokkur verkefni dattu út eins og matarvigtun í mars og umhverfisdagurinn í apríl og það var ekkert fundað í umhverfisnefndinni á tímabilinu mars til apríl. Umhverfisteymið sem samanstendur af Helenu, Þórdísi, Sigga Tom, Sigga Þ., Berglind Bergs og Siggú Láru hittist einu sinni í mánuði til að ræða verkefni og hugmyndir.

Helena tók þátt í Grænfána ráðstefnunni í Reykjavík 7. Febrúar og kynnti „Umhverfisvef Heiðarskóla“.

Svona leit starfið úr fyrir skólaárið 2019-2020:

Hautferðir:

Allir nemendur fóru í hautferð með félögum sínum til að kynna betur íslenskri náttúru.

Unglingadeild gekk Síldarmannagötur

Miðstigið: Gönguferð meðfram Leiránni

Yngsta stigið fór í Vatnaskóg

Dagur Íslenskrar Náttúru 16. september í Álfholtsskógi

Skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Hvert stig vann verkefni meðal annars frá Landvernd og fleira. Það var nóg að gera en líka tími til að leika og njóta. Við borðuðum úti eins og hefð er fyrir og í hádeginu grilluðum við hamborgara sem smökkuðust sérstaklega vel eftir smá útivist.



Við tóku líka þátt í landssöfnun birkifræja sem Landgræðsla Ríkisins, Olís og Hekluskiógar standa fyrir. Við vorum aðeins of snemma á ferðinni.

Ólympíuhlaup ÍSÍ 30. september 2019

Hreyfing og heilsa er mikilvæg fyrir okkur og hluti af sjálfbærri samfélagi. Yngstu hlupu 2,5 km, eldri hlupu 5 eða 10 km.



Þemavikan Loftslagsbreytingar og Neysla 7.-11. október

Allir nemendur unnu verkefni tengt loftslagsbreytingum og neyslu með sínum umsjónakennara í vikunni. Á föstudeginum voru sýningar og kynningar fyrir aðstandendur og mætingin var mjög góð.

Gátlistinn frá Landvernd var notaður til að leggja línurnar fyrir þemavinnuna.

Yngsta stigið tók yfir hringrásina og hvernig við öll tengjumst náttúrunni. Svo var unnið með hvernig við getum haft áhrif á loftslagsbreytingar og hvernig myndi fara ef við gerðum ekki neitt.



Miðstigið vann verkefni út frá hugarkorti og lögð var áhersla á hvað við þurfum að gera og hvernig framtíðin geti litið út. Afraksturinn var settur upp sem veggspjöld, myndbönd og munnlegar kynningar.



Unglingastigið safnaði allskonar upplýsingum, fræðslu, myndböndum og kenningum og setti upp nýja vefsíðu sem tengd var við heimasíðu skólans.

Allir nemendur skólans tóku líka þátt í að gróðursetja tré á skólalóðinni. Við stefnum á að rækta okkar eigin skóg rétt handan við hornið!

Kartöfluupptaka í október

Lítill en bragðgóð uppskera. Mikill þurrkur og kindur sem finnst blöðin góðgæti.

Loftslagsvefur Heiðarskóla

Í þemavikunni þróaðist Loftslagsvefur Heiðarskóla. Þar geta allir sett inn verkefni og upplýsingar um loftslagsmál.



Október - nóvember 2019

Heiðarskóli tók þátt í hjálparstarfinu „Jól í skókassa“. 13 skókassar fóru frá miðstiginu. Gjafirnar fóru til munaðarlausra, barnaspítala og til barna einstæðra foreldra í Úkraínu.

Nóvember 2019

Í byrjun nóvember tókum við á móti gestum frá samstarfsskólanum okkar, Banded Peak í Kanada. Við vorum svolítinn tíma að velta fyrir okkur hvaða gjafir við ættum að gefa þeim. Eftir nokkrar vangaveltur fæddist hugmyndin um að búa til eitthvað alíslenskt. Ekki kaupa eitthvað með stórt „vistspor og lítið notagildi“ Og þar sem við eigum margar flottar prjónakonur í skólanum endaði það á þæfðum og heimaprjónuðum ullarvettlingum í sauðalitunum. Gjöf með mikilli ást og gildi!




Matarsóunarverkefni des. 2019

Við tókum okkar árlegu matarsóunarviku í desember. Allir bekkir tóku þátt í að reyna að sóa sem minnst af mat í morgunmatnum og hádegismatnum samanlagt. Nemendur í 6. og 7. bekk hentu engum mat í viku en samanlagt varð þetta 4129 gröm sem fór í moltugerð. Útkoman var samt mikið skárri en í fyrra, en þá fóru 9700 grömm til spillis.

Rafmagnsmæling í febrúar

Vegna óviðráðanlegra erfiðleika síðustu ár með rafmagsmælingar/sparnað í Heiðarskóla ákváðum við að gera öðruvísi rafmagsmælingu í þetta skiptið. Nemendur í umhverfisnefndinni áttu að taka stöðuna á rafmagsmælinum heima með tveggja vikna millibili og bera saman venjuleg notkun við sparnaðarnotkun. Þessi hugmynd gekk ekki sérstaklega vel því að þó að nemendur sæju sparnað á mælinum heima skiluðu tölurnar sér ekki inn í skóla. En ég, formaður umhverfisnefndarinnar í Heiðarskóla, gerði mjög vel heppnaða mælingu heima sem var kynnt og rædd. Ég skipti út mjög gömlum frysti fyrir nýjan einmitt þegar rafmagssparnaðartímabilið byrjaði og sparnaðurinn verður rúmar 60.000 kr á árinu.



Vegna Covid-19 var ekki hægt að halda upp á umhverfisdaginn 24. apríl eins og skipulagt var, en nemendur skólans tóku þó þátt í að tína rusl og að taka til á skólalóðinni og í nærumhverfinu.

Gróðursetning 8. maí

Við settum niður kartöflur og tré þennan fallega maídag. Yngsta- og miðstigið tóku þátt. Eyólfur aðstoðaði okkur.



Skólalóðin og þörf á umbótum, maí 2020

Umhverfisnefndin fór yfir skólalóðina og ræddi um gróður og mannvirki sem þyrfti að hugsa betur um og af hverju. Við fundum t.d. brotin tré og runna, ónýt net í fótboltamörkunum, ónýtan göngustíg og brú sem þarf að mála. Við ákváðum að betra væri að gera við en að bíða of lengi þangað til hlutirnir eru ónýtir og þörf er á að kaupa nýtt.

Unicef hreyfingin

Nemenur í Heiðarskóla tóku þátt í Unicefhlaupinu og lengst hlupu tveir nemendur úr 3. og 6. bekk, 14 km! Í ár fjallaði Unicef verkefnið um að fræða börn um réttindi í Barnasáttmálanum, virkja þau til samstöðu með jafnöldrum sínum um allan heim og að hvetja þau til hreyfingar. Söfnunarféð nýttist til verkefna hjá Unicef um allan heim og réttindafræðslu og réttingagæslu fyrir börn á Íslandi.

Survivordagur 20. maí 2020

Í þetta sinn fór Survivordagurinn fram á þremur stöðum í Álfholtsskógi með stigin aðskilin.

Allir hópar æfðu sig í acrosport og tókst það mjög vel. Svo voru allskonar verkefni í gangi eins og að byggja sér kofa, kveikja eld, tálga, ratleikir og njóta útivistarinnar. Sól og yndislegt veður gerði okkur svo gott ásamt grillpinnamatnum og maískólfunum í hádeginu.



Íþróttadagur 29. maí

Utandyrá að mestu leyti í alveg ágætis veðri og með góðri þáttöku. Dagurinn endaði með flottri töltkeppni með sex þáttakendum á flottum hestum.

Lokaorð:

Mörg flott verkefni hafa verið unnin í skólastarfinu í vetur og það lítur út fyrir að umhverfisvitund hafi aukist almennt hjá okkur. Grunnskólabörn eru yfirleitt vel upplýst varðandi t.d. endurvinnslu, umhverfissvæna orku og plastmengun. Smáar en mikilvægar breytingar hafa átt sér stað, eins og t.d. að nota dagblöð í ruslatunnur, að mötuneytið hætti að kaupa ísblóm í plastformum og að við erum búin að fjárfesta í hleðslubatteríum. 😊

Helena Bergström

4. júní 2020



5.3 Skólasamstarf

Skólasamstarf veturinn 2019-2020

Haustfundur skólasamstarfsins var haldinn 17. september 2019. Á haustfundi var farið yfir skýrslu frá fyrra ári og settar niður dagsetningar ýmissa viðburða.

Foreldrar fengu sent bréf þar sem þeir eru upplýstir um samstarfið og dagsetningar. Í upphafi hausts voru skráð níu börn í skólahóp.

Á haustönn fóru börnin í sex skipti í Heiðarskóla. Farið var í Álfholtsskóg með fyrsta bekk sem einnig kom einu sinni í heimsókn í leikskólann. Vorannarfundur var haldin 20. janúar 2020. Farið yfir haustönn og vorönn skipulögð. Á vorönn urðu heimsóknirnar aðeins tvær vegna áhrifa COVID-19 á skólastarf.

Helstu verkefni: Skólaheimsóknir voru á miðvikudögum, sex skipti á haustönn og tvö skipti á vorönn. Ein vettvangsferð var farin. Heimsóknirnar fóru fram í október og nóvember á haustönn og febrúar á vorönn. Börnin byrjuðu alla heimsóknardagana í Heiðarborg kl. rúmlega 9:00, fóru í íþróttatíma á haustönn og sundtíma á vorönn. Eftir hverja heimsókn ræddu börnin um heimsóknir þeirra í Heiðarskóla og hvað þau langaði að gera í næstu heimsókn. Kennarinn lét skólastjórnann vita þannig að hann gæti orðið við óskum þeirra.

Nemendur í 1. bekk heimsóttu vini sína í leikskólanum tvisvar á haustönn, tóku þátt í daglegu starfi í fyrra skiptið en í seinna skiptið var þeim boðið á jólasýningu. Á degi íslenskrar tungu: lásu nemendur í 3. bekk fyrir leikskólabörnin í Skýjaborg. Nemendur í 7. bekk æfðu fallegan upplestur og lásu fyrir leikskólabörnin á bókasafni Heiðarskóla.

Vorskóladagar: Elsti árgangur Skýjaborgar fór í tvo daga í Heiðarskóla með skólabílnum og tók þátt í skólastarfinu. Alltaf hafa verið þrír dagar í vorskóla en það breyttist vegna COVID-19.

Skýjaborgarval: Ekkert val var vegna COVID-19 þetta árið.

Guðmunda og Sigurbjörg, júní 2020

6 Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber að framkvæma innra og ytra mat í skólum. Tilgangur mats er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra mat verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Innra mat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ytra mat er framkvæmt annars vegar af fræðslu- og skólanefnd og hins vegar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

6.1 Innra mat

Notað er sama sjálfsmatskerfið fyrir leik- og grunnskólasvið, þ.e. Gæðagreina (grunnskóli) og Barnið í brennidepli (leikskóli) sem er heildstætt matstæki, skoskt að upplagi. Hér fyrir neðan má sjá sjálfsmatsáætlanir fyrir sviðin. Niðurstöður innra mats má finna í sjálfsmatsskýrslum sviðanna (Sjálfsmatsskýrsla Skýjaborgar er inn í starfsáætlun Skýjaborgar).

Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla

Sjálfsmatskerfið „Gæðagreinar 2“ er heildstætt gæðamatskerfi fyrir skóla. Yfirlit gæðagreina er eftirfarandi eftir köflum:

1. **Heildarárangur:** 1.1 Framfarir í skólastarfi, 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur
2. **Áhrif á nemendur:** 2.1 Námsreynsla nemenda, 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi
3. **Áhrif á starfsfólk:** 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans
4. **Áhrif á samfélagið:** 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið, 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild
5. **Menntun:** 5.1 Skólanámskrá, 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms, 5.3 Til móts við námsþarfir, 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat, 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri, 5.6 Jafnrétti og sanngirni, 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra, 5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda, 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs
6. **Stefnumótun og áætlunargerð:** 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna, 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð, 6.3 Þróunaráætlanir
7. **Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk:** 7.1 Mönnun, ráðningar og stöðugleiki, 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna, 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl
8. **Samvinna og búnaður:** 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn, 8.2 Fjármálastjórn, 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis, 8.4 Gagnavarsla og nýting upplýsinga
9. **Forysta:** 9.1 Sýn, gildi og markmið, 9.2 Forysta og framtíðaráform, 9.3 Efling starfsmanna og samvinnu, 9.4 Forysta um framfarir og breytinga

Skólaárið 2019 – 2020 var stofnað sjálfsmatsteymi í Heiðarskóla sem fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk teymisins var að aðlaga gæðagreina að okkar starfi og voru kaflar 1 – 4 aðlagðir; heildarárangur, áhrif á nemendur og áhrif á starfsfólk. Auk þess voru samdir gæðagreinar fyrir uppeldi til ábyrgðar og umhverfismennt. Í vetur voru áður nefndir þættir metnir og auk þess var tekin fyrir

heildarskimun að vori. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk á haustönn og nemendur í 1. – 10. bekk á vorönn. Niðurstöður innra mats má sjá í sjálfsmatsskýrslu Heiðarskóla.

Auk áðurnefndra matstækja er annað hvort ár lagt fyrir eftirfarandi mat:

- Starfsmannakönnun – Fræðslunefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslunefnd.
- Umsókn um Grænfána – endurgjöf frá Landvernd.

Sjálfsmatsáætlun Skýjaborgar

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið “Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Áætlun fyrir 2018-2019 var áætlað að klára yfirferð árangursvísa með því að skoða lykilþátt 7 sem snýr að stjórnun, ásamt því að byrja aðra yfirferð á árangursvísum og skoðaðir lykilþættir 1 og 2.

Áherslur í sjálfsmati voru eftirfarandi:

Lykilþáttur 7: Stjórnun

Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

Lykilþáttur 1: Námskrá

Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags

Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barna

Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi

Allt starfsfólk tekur þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynning á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.

- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins. Sem verður með öðru sniði í fyrsta skipti þetta skólaárið, þar sem gátlistinn er nú fyrir börnin en ekki starfsfólkið.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslunefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslunefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsáætlun á barni í brennidepli 2018-2021

2018-2019	2019-2020	2020-2021
Lykilþáttur 7	Lykilþáttur 3	Lykilþáttur 5
Lykilþáttur 1	Lykilþáttur 4	Lykilþáttur 6
Lykilþáttur 2		

Niðurstöður innra mats í Skýjaborg má finna í Starfsáætlun Skýjaborgar 2019-2020.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 14.apríl - 4.maí 2020. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að skólastjórar ræddu við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka.

Hér fyrir neðan er að finna samantekt út þessum samtölum og er hún með tvenns konar hætti, annars vegar töluleg þar sem starfsmenn gáfu þáttum í starfinu einkunn út frá einkunnaskalanum 1-3-5-7-9 þar sem 1 er lægst og 9 er hæst og hins vegar almennar athugasemdir sem komu fram í samtölunum um tækifæri sem liggja til úrbóta.

Samantekt úr „mitt mat“, vorið **2019**: (svart það sem staðið hefur í stað, grænt sem er á uppleið og rautt sem er að dala á milli ára)

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Samskipti við foreldra	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Vinnuaðstaða / álag	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,83	8,45	8,4	8,5	8,6	7,4	8,2
87%	94%	93%	95%	96%	82%	91,5%
Heiðarskóli:						
7,4	8,7	8,3	8,4	8,4	7,2	8,1
82%	97%	92%	93%	93%	80%	90%

Skýjaborg:						
8,6	8	8,6	8,8	9	7,8	8,5
96%	89%	96%	98%	100%	87%	94%

Samantekt úr „mitt mat“, vorið 2020: (svart það sem staðið hefur í stað, grænt sem er á uppleið og rautt sem er að dala á milli ára)

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Samskipti við foreldra	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Vinnuaðstaða / álag	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,67	8,1	8,0	8,0	8,0	7,5	7,9
85%	90%	89%	89%	89%	83%	87%
Heiðarskóli:						
7,25	7,75	7,5	7,5	7,75	7,6	7,55
81%	86%	83%	83%	86%	84%	84%
Skýjaborg:						
8,5	8,75	9	9	8,5	7,25	8,5
94%	97%	100%	100%	94%	81%	94%

Skýjaborg, styrkleikar: Í heild mátti sjá að starfsfólki þykir samskipti við foreldra og börn vera jákvæð og góð. Starfsfólk er ánægt með stjórnunina, styttingu vinnuvikunnar, upplýsingaflæði. Starfsfólk er ljóst um réttindi, skyldur, kröfur og starfslýsingu.

Í mörgum starfsmannasamtölum ræddi starfsfólk um góðan starfsanda, telur sig ánægt í vinnunni og er glatt að koma í vinnuna. Einnig nefndu nokkrir sérstaklega góðan stuðning frá deildarstjórum og að gott væri að ræða við vinnufélagana og spyrja um ráð.

Annað sem var nefnt í einstaka samtölum: Starfsfólki finnst vera létt og gott andrúmsloft, alltaf velkomin í vinnuna, samskipti og flæði gott á milli starfsmanna, starfsmenn duglegir að ræða málin, hrósa og leiðbeina (lærdómssamfélag). Stjórnendur eru duglegir og skilvirkir og gott að fá pósta um námskeið og gott að fá upplýsingar upp á töfluna í kaffistofunni. Mikið var rætt um aukið álag vegna mikilla veikinda starfsfólks. Einnig kom fram hjá öllum starfsmönnum að vilja halda áfram með þróunarverkefnið með styttri vinnuviku, starfsfólki finnst það skipta miklu máli.

Skýjaborg, tækifæri til úrbóta: Tækifæri til úrbóta var mjög mismunandi á milli starfsmanna og það sem hér er upp talið kemur allt frá einstaka starfsmanni.

Ósk er um ýmis námskeið, upprifjun í jóga ásamt því að fá fleiri námskeið fyrir leiðbeinendur.

Ósk var um að reyna að hljóðdempa meira inn á deildunum t.d. með gardínum og mottum. Ábending var að það þyrfti að sinna betur viðhaldi innan sem utan húss t.d. húsgögn, kaffistofu starfsmanna, málningu, leiktækjum og fl. Fá betri stóla inn í undirbúningsherbergi.

Heiðarskóli, styrkleikar: Í Heiðarskóla er öflugur hópur starfsmanna með mikla starfsreynslu og þekkingu á sínu sviði. Þó svo að starfsánægja mælist aðeins minni en undanfarin ár er almennt hægt að segja að á heildina litið séu starfsmenn ánægðir í starfi. Starfsandinn á vinnustaðnum er góður og samskipti ganga yfirleitt vel við alla aðila skólasamfélagsins. Um stjórnun á vinnustaðnum virðist ríkja nokkur sátt og þrátt fyrir sérstakar aðstæður sem höfðu töluverð áhrif á skólastarfið í vetur er ekki annað að merkja en að tekist hafi í flestum tilfellum að halda vinnuálaginu hæfilegu. Starfsmenn Heiðarskóla telja sig fá að taka þátt í að móta starf sitt og starfsumhverfi og heilt yfir má segja að þeir séu duglegir að sinna endurmenntun og eigin starfsþróun. Starfsmenn telja sig þekkja hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og eru sammála áherslum skólans varðandi uppeldi og menntun nemenda.

Heiðarskóli, tækifæri til úrbóta: Þær áskoranir sem við höfum tekist á við í vetur hafa leitt í ljós að skipulag skólastarfsins getur verið með öðrum hætti en verið hefur. Við sjáum fyrir okkur að stytta mætti skóladaginn án þess þó að það yrði til þess að draga úr gæðum náms. Efla mætti teymin sem sinna hverjum námshópi á þann hátt að allar námsgreinar væru kenndar af kennurum innan teyma. Það væru þá fleiri kennarar í hverju teymi með fjölbreytta kennslureynslu, sem tækju sameiginlega ábyrgð á námshópum og skiptu með sér verkum eftir styrkleikum og þörfum. Boðið væri upp á „skólabjöllulausan“ skóladag með útiveru undir handleyðslu kennara til að ná meiri samfelli. Ef hægt væri að gera fleiri kennara innan teymis að umsjónarkennurum fyrir ákveðnum hópi nemenda væri hægt að tryggja gott utanumhald allra barna og jafna ábyrgð og vinnuálag allra kennara við skólann.

6.2 Ytra mat

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk.

Á skólaárinu var unnið að umbótum í kjölfar ytra mats sem fram fór í bæði Leik- og grunnskóla skólaárið 2017 – 2018 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

7 Nám og kennsla

Í þessum kafla er farið yfir fjölda barna, nám og kennslu í gegnum skýrslur og helstu daga og viðburði á árinu.

7.1 Fjöldi barna í Heiðarskóla

Í upphafi skólaárs hófu 75 nemendur nám í 1. – 10. bekk og 73 luku námi að vori. Tveir nemendur hættu á skólaárinu. Fjöldi nemenda í bekkjum var eftirfarandi:

Bekkir/árgangur	Í upphafi skólaárs	Í lok skólaárs
1. 2013	5	5
2. 2012	7	7
3. 2011	7	6
4. 2010	9	9
5. 2009	7	7
6. 2008	10	10
7. 2007	10	9
8. 2006	7	7
9. 2005	9	9
10. 2004	4	4
Samtals:	75	73

Teymiskennsla hófst í Heiðarskóla haustið 2015. Teymiskennsla í skólanum einkennist fyrst og fremst af samvinnu og sameiginlegri ábyrgð kennara um nám og kennslu nemenda. Kennt var í þremur teyimum:

- Yngsta stig 1. – 4. bekkur, 28 nemendur. Kennt var að mestu í tveimur námshópum, annars vegar fyrsti og annar bekkur og hins vegar þriðjið og 4. bekkur. Umsjónarkennarar: Þórdís Þórisdóttir og Arna Kristín Sigurðardóttir.
- Miðstig 5. – 7. bekkur, 27 nemendur. Umsjónarkennarar: Jónella Sigurjónsdóttir og Einar Sigurðsson.
- Unglingastig 8. – 10. bekkur, 20 nemendur. Umsjónarkennarar: Berglind Bergsdóttir og Örn Arnarson.

7.2 Fjöldi barna í Skýjaborg

Í Skýjaborg voru börnin í upphafi skólaárs 32 og 35 í lokin. 6 börn hófu leikskólagöngu í Skýjaborg á miðju skólaári. 3 börn hættu á skólaárinu. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig staðan var í lok skólaárs á milli árganga.

Dropinn: 14 börn á aldrinum 1-3 ára. Deildarstjóri Agnieszka Aurelia Korpak.

Regnboginn: 22-24 börn á aldrinum 3-6 ára. Deildarstjóri Sigurbjörg Friðriksdóttir.

Árgangur	Alls haustið 2019	Alls vorið 2020
2014	9	8
2015	8	8
2016	5	5
2017	6	7
2018	2	3

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 16:30. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjáls milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 8,19 klst. daglega.

7.3 Sameiginlegar skýrslur 2018-2019

Sameiginlegar skýrslur frá starfsfólki Leik- og grunnskóla koma hér undir. Í ár eru það tvær skýrslur.

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk og starfsmanns í Skýjaborg

Í vetur var undirrituð í 20% stöðu við leikskólann á móti umsjónarkennslu 1. og 2. bekkjar við grunnskólann. Breytingar sem gerðar voru á tímasetningum í vetur komu vel út, þ.e. að hafa skólasamstarfið ekki á sömu dögum og ég kem í leikskólann. Þannig náði ég að hitta börnin bæði í leikskólanum og þegar þau komu í skólasamstarfsferðirnar í grunnskólann.

Helstu verkefni í vetur voru að vinna að frekari stefnumörkun leikskólans í mál og læsi, almenn störf á deild, ráðgjöf og stuðningur við starfsfólk, samstarf yngstu barna grunnskólans og elstu barna leikskólans með gagnkvæmum heimsóknum og sameiginlegum ferðum og ekki síst að styrkja tengsl kennara og elstu barna leikskólans.

Þegar samkomubann skall á þá færðist vinna mín alfarið í grunnskólann að undanskildum einum degi í maí. Ekki náðist að klára þau verkefni sem lagt var upp með í haust, þ.e. að vinna að stefnumörkun og framkvæmdaráætlun leikskólans í mál og læsi. Einnig féll fyrirhugaður fyrirlestur til starfsmanna um tengsl málproska og læsis niður vegna þessa.

Vorskólinn var í tvo daga í stað þriggja vegna aðstæðna í Heiðarskóla og tók ég á móti börnunum þá daga. Greinilegt er að skólasamstarfið skilar sér í miklu öryggi barnanna við skil skólastiga. Þau hafa kynnst skólahúsnæði, starfsfólki, haldið tengslum við samnemendur sína og kynnst nokkrum hefðum og venjum sem gilda í grunnskólanum.

Stefnt er að því að á næsta skólaári þá muni fyrirkomulag þessa verkefnis halda sér að mestu. Að tryggja að kennari hitti elstu börnin og fái tækifæri til að vinna að máli og læsi með þeim. Einnig að halda áfram með að vinna að framkvæmdaráætlun fyrir mál og læsi í leikskólanum og koma að fræðsluerindinu um tengsl málproska og læsis.

Maí 2020

Þórdís Þórisdóttir

Skýrsla sérkennara 2019-2020

Einn sérkennari er í 80% starfi og starfar við bæði skólastigin. Sérkennarinn skiptir hlutfalli á vinnu sinni þannig að hann var 3 daga innan grunnskólans og 1 dag í viku í leikskólanum. Viðkomandi hefur umsjón með sérkennslu og skipuleggur sérkennslu við nemendur að hluta til, heldur utan um trúnaðargögn er varða nemendur og leggur fyrir ýmis próf og skimanir ásamt úrvinnslu úr þeim eftir þörfum. Sérkennari sækir einnig um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur í samræmdum prófum í samvinnu við skólastjórnendur, umsjónarkennara og foreldra/forráðamenn. Sú breyting varð þó að smá aukning varð á stöðuhlutfalli í sérkennslu. Náms-og starfsráðgjafi skólans var einnig við sérkennslu sl. vetur í 50% starfi á yngsta stigi og að hluta til á unglingastigi.

Aðallega eru það fjórir hópar sem beðið er um stuðning og sérkennslu fyrir: Nemendur með skilgreindar fatlanir, nemendur sem ná ekki aldurstengdum viðmiðum í lestri og stærðfræði, tví-og eða fjöltyngda nemendur og nemendur sem eiga við hegðunarraskanir og annan fjölþættan vanda að stríða. Sérkennsla/stuðningur við nemendur innan skólans hefur verið með svipuðu móti síðastliðin ár.

Skólastjóri skólans sér um skipulagningu á sérkennslu hjá þeim grunnskólakennurum og stuðningsfulltrúum sem störfuðu við kennslu/ stuðning sl. skólaár, ásamt atvinnutengdu námi.

Leikskólasvið:

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1 dag í viku í leikskólann líkt og undanfarin ár og verið 5,5 klst. í senn samtals 7 klst. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði samstarf um þar voru 5 börn. En í beinni sérkennslu hjá sérkennara voru 3 börn í vetur. Starf sérkennarans fólst aðallega í að gera frumathuganir ofl. ásamt því að gera kennsluáætlanir í samvinnu við deildarstjóra og almennt vera í góðu samstarfi við starfsmenn leikskólans, foreldra/forráðamenn og aðra samstarfsaðila. Sl. vetur var ekkert barn með skilgreinda fötlun innan leikskólans og vinnan innan sérkennslunnar hjá sérkennara með hefðbundnu móti líkt og er í almennu leikskólastarfi og fólst að mestu í málörvun hjá nemendum fæddum 2014 sem eru inn á Regnboga. Unnið var í góðu samstarfi við deildarstjóra og annað starfsfólk, þ.e. auka orðaforða, tjáningu, málvitund og fleiri þætti er geta eftir þroska barnanna og fleira tengt hljóðkerfis- og hljóðavitund ásamt því að vinna með tölur, stærðir, form, fínhyfingar ofl. Ýmist voru vinnustundir þannig að unnið var með litla hóp 2-3 börn og síðan hópstundir með. Tvö börn voru með íslensku sem annað mál og fékk auka málörvun hjá sérkennara og daglega innan deildar. Jafnframt var unnið með framburð ofl. eftir ráðleggingum og í samvinnu við talmeinafræðing. Margvíslegum aðferðum og leikjum var beitt við þjálfun og kennslu þar sem um fjölbreyttan hóp og misjafnar þarfir var að ræða hjá nemendum.

Helstu skimanir

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Íslenski þroskalistinn.
- Orðaskil.
- TRAS.
- AEPS.
- ABLLS-R.

- Told-2P.
- MOT. (hreyfiproskaath).
- Athugun á hljóðkerfisvitund (5-7 ára).
- Mio- skimun á fjölda og talnaskilningi ofl. hugtökum.
- Ásamt öðrum óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

Grunnskólasvið:

Nemendur í sérkennslu eru oftast valdir samkvæmt umsögnum umsjónarkennara að vori eða í upphafi skólaárs. Einnig koma stundum beiðnir frá umsjónarkennurum og foreldrum/ forráðamönnum í kjölfar skimana og prófa sem gerð eru yfir skólaárið. Fyrst og fremst hefur meginþungi í starfi sérkennarans sl.vetur verið við nemendur með skilgreindar fatlanir, einnig vegna nemenda með lestrarerfiðleika, samtöl við nemendur með tilfinningalega erfiðleika ofl. Ásamt stuðning/samtölum við stuðningsfulltrúa. Fjölgun hefur orðið á nemendum með skilgreindar fatlanir innan skólans og vægi í kennslu/þjálfun orðið því meira hjá sérkennara við þá nemendur. Á kostnað nemenda með vægari námsfrávik. Einnig m.a. vegna þess að sérkennari valdi að vera í skertu stöðuhlutfalli sl. skólaár o.þ.a.l. færri kst.

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur innan Heiðarskóla hjá sérkennara voru, 8 nemendur á mið-og unglingastigi og 1 á yngsta stigi. Sumir fengu smá lotur á haustönninni en einnig voru nokkrir nemendur allt skólaárið. En sérkennarinn kom að málum 34 nemenda grunnskólans á skólaárinu með mismunandi hætti. Haldnir eru mjög reglulega teymisfundir vegna ákveðinna nemenda ásamt umsjónarkennurum og öðrum utanaðkomandi sérfræðingum. Jafnframt fer talsverður tími í samtal/samstarf við aðra sérfræðinga skólans og skilafundi eftir að greiningu er lokið.

Sérkennslan fer fram á öllum stigum ýmist inni í bekkjum eða utan bekkjar í litlum hópum eða einstaklingslega. Allt fer þetta eftir eðli námsvandans hverju sinni og hvað talið er að nýtist nemandanum sem best og eða hvernig nemandinn kys að hafa það. Náms-og starfsráðgjafi sá um sérkennslu á yngsta stigi.

Í fyrsta og öðrum bekk: Í 1. og 2. bekk og kom sérkennari að bekknum fjórar kennslustundir á viku. Nýttust sérkennslutímarnir að mestu 3 nemendum. Megináhersla var á vinnu með úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða, orðaforða, einnig þjálfra lestrarfærni ofl.

Í þriðja og fjórða bekk: Í 3. og 4. bekk kom sérkennari yngsta stigs að bekknum í 7 kennslustundir á viku. Nýttust sérkennslutímarnir þannig að tveir tímar á viku voru merktir tveimur nemendum með íslensku sem annað tungumál, tveir tímar voru merktir inn í bekk og aðra tíma var sérkennari annað hvort með einstaka nemendur eða einstaka hópa. Megináhersla var á að þjálfra lestrarfærni, lesskilning, ritun, orðaforða og ýmsa þætti stærðfræðinnar.

Í fimmta til sjöunda bekk: Í 5.-7. bekk var samkennsla og 3 kennarar að miklu leyti og 1 stuðningsfulltrúi. Bekkurinn naut aðstoðar sérkennara mið- og unglingastigs í samtals 7 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust 2 nemendum að mestu leyti en þar af var 1 tími í námsaðstoð inn í bekk við einstaklinga. Megináhersla í kennslu við nemendur var að þjálfra lestrarfærni, lesskilning, ritun, orðaforða/hugtakþjálfun. Jafnframt var unnið með fínhyrfivinnu ásamt eflingu á öðrum þroskapáttum. Ásamt huga að líðan og sjálfstyrkingu hjá 2 nemendum.

Í áttunda til tíunda bekk: Var samkennsla og þar eru 2 kennarar og 1 stuðningsfulltrúi. Kennarar á unglingastigi sáu að mestu um stuðning/sérkennslu innan unglingadeildar ásamt stuðningsfulltrúa. Aðkoma sérkennara í vetur var bundin við 2 nemendur að mestu leyti 2 kennslustundir á viku. Einnig 1-2 kst á viku í námsaðstoð við nemendur var þó oftast bara 1 en hin nýttist miðstigi. Ásamt því að hafa umsjón með teymisfundum um nemendur. Jafnframt kom sérkennari yngsta sviðs – inn í tíma einu sinni í viku líka, í námsaðstoð við einstaklinga.

Sérfræðipjónusta

Birgir Guðmundsson sálfræðingur starfar við bæði skólastigin og kom hann u.þ.b. hálfsmánaðarlega í skólann og sinnti greiningum á námsörðugleikum ásamt ráðgjöf, viðtölum við foreldra/forráðamenn, nemendur og kennara skólans. Sálfræðingur kom að málefnum 13 nemenda á skólaárinu. Gott samstarf var við aðrar þjónustustofnanir líkt og áður en skólinn starfar náið með: Velferðar-og mannréttindasviði Akraneskaupstaðar er sér um barnavernd ofl. Þætti í félagsþjónustu fyrir Hvalfjarðarsveit ásamt öðru samstarfi við sérfræðiteymi Akraneskaupsstaðar, ráðgjafarþroskaþjálfar sem kemur í grunnskólann eftir samkomulagi og situr í nokkrum teymum v/nemenda við skólann, einnig iðjupjálfa frá Heilsugæslunni er kemur í leikskólann þegar þess er þörf eða óskað. Einnig var veitt sérfræðiráðgjöf og eftirfylgd frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins. BUGL ofl. Einnig kom Signý Einarsdóttir talmeinafræðingur til okkar þrisvar yfir mánuðinn og skipti þeim tíma milli beggja skólastigana.

Helstu skimanir

- Tove Krogh- teiknikönnun 1. bekk.
- Stafakönnun í upphafi skólaárs.
- Læsi- Lestrarskimun fyrir 1. bekk. Alls 3. sinnum yfir skólaárið.
- Læsi –Lestrarskimun x2 og Lesmál fyrir 2. bekk .
- Orðarún 5-8 bekk x 2 á skólaárinu.
- Samræmd próf í 4. 7. og 9. bekk.
- Skólafærni athugun (SFA).
- Told-2P.
- Athugun á hljóðkerfis-og hljóðavitund 2- 4 bekk.
- LH-40 og LH-60.
- Matslistar-líðan ofl.
- Logos lesgreining samkvæmt beiðni foreldra/kennara og eða niðurstaðna úr Lesferilsprófum.
- Lesferill (staðlað próf frá Menntamálastofnun fyrir 1-10 bekk) lagt fyrir þrisvar yfir veturinn sept, jan, maí.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir öllu jöfnu einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Færri þó þetta skólaárið vegna Covid-19. Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik-og grunnskóla, í því sátu skólastjórar beggja skólastiga, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, félagsráðgjafi frá Velferðar-og mannréttindasviði Akraneskaupsstaðar, sérkennari og náms-og starfsráðgjafi skólans. Skólastjóri hélt utan um fundina og leikskólastjóri sá oftast um að rita fundargerð.

Starfið framundan

Nú á vordögum er undirbúningur hafinn að nýju skólaári. Þ.e. að undirbúa komu nýnema í haust, einnig er farið að huga að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa sem haldin verða í haust hjá nemendum í fjórða og sjöunda bekk með því að huga að þeim nemendum er þurfa stuðningsúrræði/undanþágur í samræmi við 4. kafla í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2011. bls 40).

Á hverju vori er líka hugað að þeim nemendum sem þurfa stuðningsmiðaða kennslu og eða þeim nemendum er þurfa kennslu sem felur í sér verulegar breytingar á öllum námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum/kennsluáðstæðum ofl. Eftir að farið var út í teymiskennslu innan skólans hefur mest allri sér- og stuðningskennslu verið fléttað inn í bekkjarstarfið á öllum stigum en talið er að öll einstaklingsmiðun sé líklegri til að verða auðveldari með þessu fyrirkomulagi. Það á reyndar eftir að skoða það betur. Upplifun sumra umsjónarkennara hér innan skólans með þessa tilhögun er með mjög mismunandi hætti eftir stigum og reynist mörgum erfitt að mæta námsþörfum sumra nemenda innan bekkjar að sögn.

Aðkoma sérkennara verður að öllum líkindum með svipuðum hætti og undanfarin ár að vinna með grunnþætti í íslensku/lestri og stærðfræði eftir þörfum nemenda á yngstastigi næsta skólaár. Jafnframt mun sérkennari sinna áfram stuðningi og eftirfylgd við nemendur með fötlun og sértæka námserfiðleika. Mögulega verður aukið samstarf við aðra kennara og stuðningsaðila v/teymisfunda ofl. ásamt því að leggja fyrir próf og aðrar kannanir/skimanir er við skólann eru gerðar á skólaárinu.

Stafa og lestrarpróf verða tekin strax í upphafi skólaárs hjá 1. -4. bekk og fá þá nemendur lestrarbækur við hæfi. Fundur verður síðan einnig haldinn stuttu eftir skólabyrjun fyrir foreldra/forráðamenn og þeim gerð grein fyrir hvernig lestrarnámið muni fara fram og hvaða væntingar séu gerðar til þeirra við þjálfun barna sinna í lestri heima fyrir.

Ólöf Guðmundsdóttir

Sérkennari Leik-og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

7.4 Skýrslur Heiðarskóla 2019– 2020

Skólastjóri óskar eftir skýrslum/samantekt frá hverju teymi fyrir sig, náms- og starfsráðgjafa, starfsfólki á bókasafni, í tómstund og frístund, tölvuumsjónarmanni og matráðum.

Teymisskýrsla yngsta stigs vorið 2020

Grunnupplýsingar: Í teyminum eru tveir umsjónarkennarar, Arna Kristín Sigurðardóttir og Þórdís Þórisdóttir. Arna Kristín kennir 26 kennslustundir og Þórdís 21 kennslustund. Einn stuðningsfulltrúi fylgdi 3. bekk, Berglind Sigurðardóttir. Sérkennarar á yngsta stigi voru Katrín Rós Sigvaldadóttir með 13 kennslustundir og Ólöf Guðmundsdóttir með 3 kennslustundir.

Skipulag innan teymis: Þórdís Þórisdóttir var með umsjón með 1. og 2. bekk. Arna Kristín var með umsjón með 3. og 4. bekk. Á fimmtudögum var Þórdís starfandi í leikskólanum Skýjaborg.

Helstu verkefni/þemu:

1. – 2. bekkur:

- Ég sjálf og fjölskyldan
- Vinátta
- Jólin
- Árstíðirnar
- Veður
- Þorrinn
- Barnasáttmálinn

3. – 4. bekkur:

- a. Komdu og skoðaðu tæknina
- b. Komdu og skoðaðu sögu mannkyns
- c. Fordómar og þröngsýni
- d. Samskipti

Sameiginleg þemu:

- Komdu og skoðaðu hringrásir
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Komdu og skoðaðu hafið
- Uppbyggingarstefnan
- Hnattrænt jafnrétti
- Jólþema
- Dagur stærðfræðinnar

Kennsluhættir: Fjölbreyttir kennsluhættir notaðir. Má þar nefna aðferðir Byrjendalæsis og einnig kennsluáðferðina Leikur að læra. Töluvert var unnið með námsefni í gegnum leik og spil.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði var gott á milli kennara í yngsta stigs teymi. Einnig var upplýsingarflæði á milli kennara og stuðningsfulltrúa ágætt en það mætti skoða að hafa fastan tíma þar sem þessir aðilar geta hist. Vikulegir teymisfundir voru haldnir á mánudögum.

Náms- og kennsluáætlanir:

Námsskipulag tók mið af markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla og áhersluatriðum í skólanámskrá Heiðarskóla. Gerð var einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem á því þurftu að halda.

Sérstaða skólans:

Uppbygging – unnum bekkjarsáttmála, mitt og þitt hlutverk og nemendur unnu ýmis verkefni í Lífsleikni sem snéru að þessu. Einnig voru bekkjarfundir haldnir reglulega.

Spjaldtölvur – voru reglulega notaðar í þemu.

Umhverfismennt – var unnin t.d. í gegnum þemu, útikennslu og með sérstökum verkefnum tengdum náttúru og umhverfi.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Þættir eins og heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, jafnrétti og sköpun fléttuðust víða inn í kennsluna. Áhersla á læsi og lestrarfærni var mikil í skólanum og því fylgt eftir með vikulegri skráningu á lestri í skólanum og heimalestri. Samvinna við heimilin hvað varðar læsi var á heildina litið til fyrirmyndar en í einstaka tilvikum verulega ábótavant.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Stuðningur stjórnenda var í lagi.

Vettvangsferðir:

Sameiginlegar á yngsta stigi:

- Heimsókn í Klébergsskóla
- Vorferð á Akranes (vitinn, Langisandur, skógrækt)

1. bekkur:

- Fannahlíð
- Heimsókn í Skýjaborg
- Jólaleikrit í Skýjaborg (Skröggur)

3. bekkur:

- Heimsókn á Slökkviliðsstöðina
- Lestur fyrir börn í Skýjaborg á Degi íslenskrar tungu.

Gestir og fyrirlesarar: Sævar Bragi og Eva Rún lásu úr bókum sínum.

Lokaorð:

Takmarkanir á skólastarfi settu svip sinn á veturinn síðari hluta skólaársins. Fyrsti til 3. bekkur var að mestu í samkennslu í tæpar sex vikur á því tímabili. Að öðru leyti gekk skólastarf ágætlega.

Júní 2020 - Hvalfjarðarsveit

Arna Kristín Sigurðardóttir og Þórdís Þórisdóttir

Teymisskýrsla miðstigs vorið 2020

Grunnupplýsingar: Meðlimir: Einar S. Sigurðsson (26 kest.), Jónella Sigurjónsdóttir (17 kest.) voru umsjónarkennarar og Sigurður Hinrik Tómasson (22,75 kest.) var þriðji kennarinn í teyminu. Sunneva Hlín Skúladóttir var stuðningsfulltrúi með einum nemanda. 27 nemendur hófu nám í 5.-7. bekk en 26 nemendur luku námi að vori.

Skipulag innan teymis:

- Umsjónarkennarar báru ábyrgð á nemendahópnum en teymiskennararnir þrír skipulögðu kennslustundirnar. Það var að hluta til gert á sameiginlegum teymisfundum. Hluta kennslustunda skipulagði hver kennari fyrir sig.
- Allir kennarar í teyminu komu að kennslu í öllum fögum. Kennarar skiptu þó með sér yfirumsjón með fögum á eftirfarandi hátt: Íslenska: Einar og Jónella. Stærðfræði: Einar og Jónella. Náttúrugreinar: Einar og Siggi T. Samfélagsgreinar: Siggi T. og Jónella (auk Katrínar Rósar í lífsleikni). Enska: Einar og Jónella. Danska: Einar. Upplýsinga- og tæknimennt: Siggi T. og Jónella.
- Í foreldraviðtölum var hópnum skipt upp milli umsjónarkennara. Sú nýbreytni var höfð í ár að nemendur skipulögðu sjálfir viðtalið sem fram fór í október. Það gafst mjög vel og er eitthvað sem við viljum gjarnan halda inni. Seinna viðtalið fór fram í janúar og var þar farið yfir leiðsagnarmat nemenda.
- Allur nemendahópurinn var saman í stofu. Stundum nýtti teymið náttúrufræðistofuna fyrir kennslu í náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsinga- og tæknimennt og framsögn.
- Teymið hafði fundartíma á fimmtudögum sem nýttist oftast vel. Á fundunum var kennsla næstu viku skipulögð, rætt var um nám nemenda og framfarir. Auk þess var rætt um samskipti nemenda og gripið til ráðstafana ef þess þurfti. Fundargerðir voru skráðar í handbækur kennara.

Helstu verkefni/þemu: Umhverfispema var unnið í tengslum við loftslagsbreytingar og neyslu. Einnig var unnið þemaverkefni um tré í vorskólanum. Við unnum fjölbreytt verkefni með nemendum, bæði bókleg og verkleg. Þau eru talin upp í skjalinu „*viðfangsefni námsgreina*“. Lögð var mikil áhersla á lestur og lásu nemendur í ca. 15-20 mínútur í upphafi hvers dags. Þetta var mjög notaleg stund og voru nemendur yfirleitt byrjaðir að lesa um leið og bjallan hringdi. Heimalestur var 5 sinnum í viku og skil á mánudögum. Að auki má nefna verkefni í tengslum við jól eins og Jól í skókassa. Til stóð að semja og æfa atriði fyrir árshátíð en hún féll niður vegna Covid-19.

Kennsluhættir: Nám barnanna var gert skýrara fyrir þeim með því að gera áætlanir fyrir þau til að fara eftir. Yfirleitt var miðað við ákveðna grunnáætlun en síðan voru áætlanirnar styttaðar og sveigðar á alla kanta fyrir ólíka nemendur. Talsverð einstaklingsmiðun var í námi þó að reynt væri að láta hópinn fylgjast að í einhverjum námsbókum. Bráðger börn fengu ítarefni og tækifæri til sjálfstæðra verkefna. Kennsla fór mikið fram 1:1. Aðlagð námsefni var fyrir alla þá sem þurftu.

Við nýttum okkur hringekjuform þar sem unnið var á stöðvum í stuttum námslotum.

Við þössuðum upp á að brjóta kennsluna reglulega upp með öðruvísi verkefnum. Má þar nefna verkefnið *Kappsmál* en þá fóru íslenskutímar fram á svipaðan hátt og sjónvarpsþátturinn *Kappsmál* sem sýndur var þennan vetur. Stundum var farið í Kahoot spurningaleiki eða horft á áhugavert sjónvarpsefni, svo sem dýralífsmyndir og krakkafréttir. Einnig var mikill spilaáhugi á miðstigi og eftir áramót fengum við nokkur ný spil sem við nýttum vel.

Á hverjum mánudegi héldum við bekkjarfund þar sem nemendur gátu rætt þau mál sem þau vildu ræða ásamt því að spyrja spurninga um skólastarfið.

Upplýsingaflæði: Reynt var að hafa það fyrir reglu að senda foreldrum alltaf vikupóst á fimmtudögum eða föstudögum með upplýsingum um skólastarfið. Það náðist þó ekki alltaf. Á mánudagsmorgnum voru haldnir bekkjarfundir og þar miðluðu kennarar til nemenda helstu upplýsingum um það sem framundan var í vikunni.

Náms- og kennsluáætlanir: Námsgreinar voru settar upp í námslotur í Mentor. Sett voru upp verkefni innan námslotanna og þar voru hæfniðviðmið tengd við og metin. Kennsluáætlanir voru settar upp í öllum fögum og fengu nemendur áætlanir til að miða við.

Sérstaða skólans:

- Uppeldi til ábyrgðar: Bekkjarsáttmáli var gerður, mitt og þitt hlutverk skoðað, könnun á eigin þarfamynstri framkvæmd.
- Spjaldtölvur: Ýmis verkefni voru unnin og nemendur gátu skilað með rafrænum hætti í Showbie. Minecraft-appið var mikið notað og einnig Kahoot. Þá voru rafbækur og hljóðbækur notaðar í gegnum spjaldtölvu. Myndbandagerð og glærukynningar. Spjaldtölvurnar komu sér vel í skertu skólahaldi vegna Covid-19 en þá höfðu nemendur kost á því að taka þær heim og vinna ýmis verkefni. Einnig gátu nemendur tónlistarskólans nýtt þær á fjarfundum með kennurum sínum.
- Umhverfismennt var sinnt í gegnum þemavinnu.
- Gildi skólans voru höfð að leiðarljósi í námi og samskiptum við nemendur.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar:

- Voru ekki bundnir við ákveðnar námsgreinar.
- Voru frekar með óformlegum hætti en formlegum og fléttuðust með ýmsum hætti inn í kennsluna.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við þurftum minna en oft áður á stuðningi stjórnenda að halda þó að við vissum að við gætum alltaf leitað til þeirra. Stefnt var á að stjórnendur kæmu í heimsókn í kennslustund en ekkert varð af því vegna Covid-19.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var nánast ekkert.

Vettvangsferðir: Gönguferð upp með Leirá að hausti. Ætluðum reyndar á Snók en vegna þoku var horfið frá því. Að auki var farið á miðstigsleikana í Borgarnesi að hausti. Fórum í heimsókn í Klébergsskóla í nóvember. Ferð til Reykjavíkur í maí, sund, pizza og Þjóðminjasafnið.

Gestir og fyrirlesarar: Í tilefni af Degi íslenskrar tungu komu þau Eva Rún Þorgeirsdóttir og Sævar Helgi Bragason (Stjörnu-Sævar). Fengum til okkar gesti frá Kanada og kynntu nemendur af miðstigi skólann fyrir þeim. Kynning frá Spilavini í janúar.

Ábendingar: Nemendahópur skólaársins var fjölbreyttur. Gera þarf ráð fyrir nægilegum stuðningi fyrir þá nemendur sem hafa sérþarfir en þeir voru þó nokkrir.

Lokaorð: Veturinn gekk mjög vel að okkar mati. Fá mál komu upp á í tengslum við samskiptavanda milli nemenda og má segja að andinn á miðstiginu hafi verið mjög góður. Í heildina var þetta duglegur hópur sem vann af áhuga og kappi að verkefnum sínum.

Teymi unglíngastígs vorið 2020

Grunnupplýsingar: Berglind 26 kest, Örn 26 kest. 20 nemendur hófu nám í unglíngadeildinni síðasta haust en einn nemandi stundaði að mestu heimanám, þ.e. fékk undanþágu frá viðveru í skóla.

Skipulag innan teymis: Berglind og Örn voru bæði umsjónarkennarar allra nemenda og báru jafna ábyrgð. Foreldraviðtölum var skipt þannig að hvor kennari tók viðtöl við helming foreldra og síðan var því víxlað a vorönn, þannig að báðir kennarar hittu foreldra allra nemenda á skólaárinu.

Umsjón og ábyrgð á fögum var skipt í megindráttum svona:

Berglind: Íslenska, yfirumsjón með sérkennslu

Örn: Enska, stærðfræði

María: stuðningur

Katrín Rós: Danska, náms- og starfsráðgjöf og lífsleikni.

Öðrum verkefnum var deilt og í fullu samstarfi og vorum við mjög sátt við teymið og okkar vinnu. T.d. voru náttúrufræði og samfélagsfræði kenndar í samþættum þemaverkefnum. Það gekk vel og ætti að haldast næstu skólaár

Fundargerðir: Gert var ráð fyrir fundartíma hjá teyminu eftir morgunmat á föstudögum sem var nauðsynlegt en í raun hefðum við viljað meiri sameiginlegan tíma. Fundargerðum frá þeim fundum var deilt með skólastjórnendum á Sharepoint, en óhætt er að segja að formlegir fundir í teyminu hafi verið of fáir á þessu skólaári og fundargerðir því fáar. Þessi sameiginlegi tími fór oftast í undirbúning og faglegar umræður.

Helstu verkefni/þemu: Eftirfarandi þemaverkefni voru unnin á þessu skólaári:

Mannréttindi - Unnið með mannréttindi út frá bókinni Vertu Ósýnilegur

Heilsa - Fjallað um alla fjóra stólpa heilsu, svefn, næringu, hreyfingu og slökun

Sýn á alheiminn - Sköpun alheimsins, sólkerfið, þróun lífs á jörðinni, efnafræði og erfðafræði

Kennsluhættir: Heilt yfir litum við á hópinn sem eina heild en í vissum tímum var þeim skipt ýmist eftir bekkjum eða viðfangsefnum. Stundaskráin breyttist lítið yfir skólaárið, nema að því leyti að við reyndum að vera sveigjanleg eftir atvikum.

Kennslurými: Þrjár kennslustofur voru til umráða líkt og áður. Kennslurýmið var nýtt þannig að Botnsskáli og Ferstikla voru eitt rými, þ.e. ekki lokað á milli og Þyrill notaður í innlagnir eða næðisvinnu. Félagsrými var á köflum notað sem námsrými.

Stundaskrá: Stundaskráin var í föstum skorðum og breyttist lítið milli tímabila. Inni í stundaskrá voru svokallaðir vinnutímar, þar sem nemendur réðu í hvaða fagi þeir unnu. Þessir tímar eru orðnir órjúfanlegur partur af skólastarfinu í unglingadeild og voru þeir að venju vel nýttir. Stór hluti vikulegrar stundaskrár voru þematímar, þar sem unnið var að þemaverkefnum.

Skólaárinu var skipt upp í sjö námslotur eftir mánuðum. Í upphafi hverrar námslotu fengu nemendur afhentan gátlista sem innihélt öll skilaverkefni og áætlanir sem nemendur áttu að uppfylla í þeirri námslotu. Þegar nemandi lauk við verkefni á þessum lista bar þeim að fá kvittun kennara því til staðfestingar. Foreldrar voru hvattir til að fylgjast með framvindu náms barna sinna með því að skoða þessa lista reglulega. Með þessu fyrirkomulagi og lotuskiptingu í námsgreinum gátu nemendur haft mikla stjórn á námsyfirferð og hraða.

Skipulag náms: Kennsluhættir voru svipaðir og undanfarin ár. Mikil áhersla er á sjálfstæði nemenda í náminu en þó stigum við ákveðin skref í átt að beinni kennslu með reglulegum innlögnum í íslensku og stærðfræði. Það tókst vel og munum við halda því áfram. Áframhaldandi áhersla er á vandinám þar sem nemendur horfa á myndbönd þegar þeim hentar í tengslum við verkefnavinnu. Í því sambandi er vert að minnast á að nemendur okkar fengu aðgang að vefnum studyhax.is sem geymir mikið magn myndbanda í stærðfræði og náttúrufræði. Kennslan var að mestu greinaskipt, utan áður nefndra þemaverkefna þar sem samfélagsfræði, náttúrufræði, enska og íslenska voru samþætt. Þemaverkefnin tókust vel og munum við halda þeim áfram næsta vetur.

Sem fyrr er tæknin notuð talsvert mikið í námi og kennslu. Kennarar og nemendur nýttu sér ýmsan hugbúnað sem nýtist vel t.d. Showbie, Socrative, Nearpod, Explain Everything, Moodle, Quizlet, Newsela o.fl. Eftir áramótin gerðum við tilraun með að nota Google Classroom við utanumhald og verkefnaskil. Það tókst það vel og ánægja kennara og nemenda það mikil að við höfum ákveðið að halda áfram að nota það næsta skólaár. Við leggjum því til að ekki verði greitt fyrir Showbie á næsta skólaári, því Classroom nýtist svipað og betur að okkar mati.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Upplýsingaflæði: Við notuðum mentor, tölvupóst og símtöl til þess að koma skilaboðum, fréttum og tilkynningum áleiðis til foreldra og nemenda. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingaflæðið, sömdu pósta saman og sumar tilkynningar en annað eftir þörfum hvers og eins en allir teymismeðlimir voru meðvitaðir um hverju hinir voru að miðla. Foreldrar höfðu aðgang að Showbie til að geta fylgst enn betur með verkefnaskilum sinna barna. Upplýsingamiðlun innanhúss fór að stórum hluta fram í gegnum Sharepoint og Teams.

Náms- og kennsluáætlanir

Áætlanir voru settar fram á nokkra vegu:

- Á mentor.is
- Í formi mánaðaráætlana/gátlista
- Stærðfræðiáætlanir voru á Moodle
- Seinni hluta vetrar voru áætlanir settar fram á Google Classroom
- Á pappír

Sérstaða skólans:

Uppeldi til ábyrgðar

Bekkjarsáttmálinn var byggður á gildum sem nemendahópurinn ákvað í sameiningu í upphafi skólaárs og var sýnilegur í stofu.

Spjaldtölvur/fartölvur

Mikið notaðar í unglingadeild í öllu okkar starfi.

Umhverfismennt

Tókum þátt í Degi íslenskrar náttúru og Survivor. Útikennsla var lítil.

Gildi skólans: Gildi skólans, samvinna, vellíðan, virðing og metnaður, voru sýnileg í starfi unglingadeildar á þessu skólaári. Nemendur unnu mun meira í samvinnu en undanfarin ár. Þemaverkefnið um heilsu hafði ekki síst það markmið að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan nemenda. Reglulegar umræður um virðingu skiluðu sér í bættri hegðun og framkomu og sýndu kennarar og flestir nemendur mikinn metnað í sínum störfum.

Lykilhæfni og grunnþættir menntunar: Við gerðum okkar besta til að hafa lykilhæfni og grunnþætti menntunar í huga við skipulag og kennslu.

Stuðningur stjórnenda, endurgjöf, bjargir og ráðgjöf: Við upplifðum góðan stuðning frá stjórnendum við okkar störf. Við upplifðum að okkur væri treyst til að sinna okkar störfum og gátum leitað til stjórnenda eftir ráðgjöf þegar þurfti.

Samstarf við önnur teymi: Samstarf við önnur teymi var af skornum skammti og mætti vera mun meira. Helst mætti telja samskipti við verkgreinateymið.

Vettvangsferðir:

Haustferð

Að þessu sinni var gengið yfir Síldarmannagötur úr Hvalfirði yfir í Skorradal og gist þar eina nótt. Veðrið lék ekki við okkur og gengum við yfir í roki og rigningu að stórum hluta. Þrátt fyrir það var ferðin gefandi og skemmtileg eins og alltaf. Þegar komið var í Skorradal komum við okkur fyrir og grilluðum dýrindis lambakjöt. Krakkarnir léku svo lausum hala, sumir fóru í vatnið á meðan aðrir kúðu inni. Báðir kennarar teymisins fóru í þessa ferð sem við teljum nauðsynlegt. Næsta haust er svo komið að göngu yfir Skarðsheiði um Leirárdal.

Skólabúðir á Laugavatni

Líkt og undanfarin ár fór 9. bekkur ásamt Erni í skólabúðir UMFÍ sem nú eru starfræktar á Laugarvatni.

Skólahreysti

28. maí tóku nemendur í unglingadeild þátt í Skólahreysti sem fram fór í Laugardalshöll. Að þessu sinni fór einungis keppnislið og 1 kennari vegna Covid-19 og keppninni var sjónvarpað beint á RÚV. Liðið stóð sig vel og endaði í 4. sæti í sínum riðli.

Heimsókn frá Banded Peak School í Kanada í nóvember

Í nóvember heimsóttu kennarar og 4 nemendur úr Panded Peak School frá Bragg Creek í Kanada skólann og dvöldust hér um vikutíma. Nemendurnir gistu hjá nemendum úr unglingadeild. Þetta var skemmtileg og lærdómsrík vika og vonandi getum við endurgoldið heimsóknina á næsta skólaári.

Lokaferð unglingadeildar

Vegna Covid-19 var lokað í Þórsmörk, sem hefur iðulega verið áfangastaður þessarar ferðar. Í staðinn fór unglingadeildin, ásamt umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúa, í Heydal í Mjóafirði á Vestfjörðum. Óhætt er að segja þessi ferð hafi tekist mjög vel, en m.a. var farið í kajak-róður um fjörðinn og á hestbak. Auk þess er sundlaug á staðnum sem vakti mikla lukku. Við mælum eindregið með að Heydalur verði áfangastaður lokaferðarinnar í framtíðinni.

Viðburðir

Jólsen - jólsen mótið:

Allir nemendur unglingadeildar tóku þátt í Jólsen – jólsen (ólsem – ólsen) sem haldið var á litlu jólnum.

Fullveldishátíð skólans

Nemendur á unglingastigi sáu um stærra skemmtiatriðið á fullveldishátíð skólans 30. nóvember. Unglingarnir voru með leikþátt saminn af Erni Arnarsyni sem hlaut nafnið Öldin okkar. Leikþátturinn samanstóð af frumsömdu efni í bland við klassísk grínatriði af innlendum vettvangi. Undirbúningur og æfingar hófust ca. 2 vikum fyrir sýningu og var það passlegur tími. Þátttaka nemenda var frekar lítil en einungis 7 nemendur fóru á svið. Þó voru fleiri sem komu að sýningunni með öðrum hætt og er óhætt að segja að afraksturinn hafi verið frábær. Undirbúningur var að auki unninn eftir skóla þriðjudaginn 28. nóvember fram til ca. kl. 21:00. Engin gistinótt var í kjölfarið líkt og í fyrra. Leikritið var æft vel og þeir sem ekki voru í sýningunni unnu við skreytingar o.fl. með kennara.

Jólaball á Varmalandi

María og Örn fóru með hópinn.

Árshátíð unglingadeildar

Ekkert varð af árshátíð unglingadeildar þetta árið vegna Covid-19

Kynning á námi í Fjölbautaskóla Vesturlands

Katrín Rós fór með 10. bekk á kynningu í FVA.

Tæknimessa í FVA

Berglind og Öddi fóru með alla unglingadeildina á Tæknimessu FVA.

Sóttkví

Undir lok samkomutakmarkanna vegna Covid-19 greindist nemandi í unglingadeild með veikina og í kjölfarið fór unglingadeildin í 2 vikna sóttkví. Þó var skólastarfi haldið áfram í gegnum Google Classroom sem gekk vonum framfar.

Gestir og fyrirlesarar:

Porgrímur Þráinsson

Fyrirlesturinn “Vertu ástfanginn af lífinu”

VR

Kynning um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir 10.bBekk

Niðurstöður:

Það sem gekk vel og ætti að halda:

- Vinnutímar
- Verkefnaskil og utnumhald á Google Classroom
- Nemendaviðtöl
- Manntal í upphafi dags
- Stýrðari yfirferð í stærðfræði
- Þemaverkefni
- Innlagnatímar í íslensku og stærðfræði

Það sem má bæta:

- Betri útfærsla varðandi langtímaáætlanir. Fylgjast vel með verkefnaskilum og skrá þau sér.
- Markmiðasetning. Fylgja betur eftir að nemendur séu að stefna að sínum markmiðum.
- Einstaklingsviðtöl Að hafa fyrirfram tímasett tímabil þar sem einstaklingsviðtöl skuli fara fram að lágmarki og gefa okkur betri tíma til viðtala utan þess tíma.
- Stuðningur Að gera enn betur í því að mæta nemendum með sértæka námsörðugleika og finna úrræði þar sem nemendur fá tækifæri til að þróa styrkleika sína. Jafnvel skoða möguleikann á einskonar námsveri í Ferstiklu í umsjá Katrínar.

Lokaorð: Í heildina litið erum við ánægð með skólaárið, þó auðvitað sé alltaf eitthvað sem hægt er að gera betur. Við sáum miklar framfarir hjá nemendum, bæði í námi og í hegðun. Þetta ár var viðburðaríkt og óvenjulegt en við teljum að við höfum öll lært ótrúlega mrgt.

Teymisskýrsla List- og verkefnateymis vorið 2020

Grunnupplýsingar: Helena Bergström – myndmennt, smíði og valgreinar og Helga Harðardóttir – heimilisfræði og textílmennt. Helena var eini verkgreinakennarinn með valgrá og var því í samstarfi við aðra um þá tíma. Valtímarnir voru annað hvort íþróttir/skólahreysti eða listasmiðja. Tónmennt var ekki kennd þetta skólaárið.

Skipulag í teymi: Fundartími var fastur á fimmtudögum kl.8:20 og svo eftir þörfum þar fyrir utan. Samstarfsfundir fóru í umræður um hópaskiptingu, lengd tímabila, útfærslur, námsmat, ranghalar Mentors ofl. Skólaárinu var skipt í fjögur tímabil, textílmennt var alfarið kennd á haustönn og heimilisfræði á vorönn, smíði á mestu leyti á haustönn og myndmennt á vorönninni.

Kennsluhættir og einstaklingsmiðun: Kennsluhættir í list- og verkgreinum eru alla jafna mjög fjölbreyttir. Reynt er að koma til móts við alla og ef smíði gekk ekki upp fengu þeir nemendur fleiri tíma í textílmennt í staðinn.

Upplýsingaflæði: Upplýsingaflæði er gott, einungis tveir kennarar að kenna greinarnar.

Náms- og kennsluáætlanir: Náms- og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn og tóku þónokkrum breytingum yfir veturinn, sérstaklega þar sem Helga var að kenna greinarnar í fyrsta sinn. Náms- og kennsluáætlanir eru ólíkar í þeim fögum sem við kennum sem og hæfniviðmið aðalnámskrár.

Lykilhæfni og megintilgangur: Í list- og verkgreinum fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska hæfileika, dýpka hann og læra leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Í list- og verkgreinum fá nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Þar er markviss þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna. Þannig geta nemendur notað öll skilningarvitin og aflað sér þekkingar t.d. í gegnum lestur, hlustun, skoðun, efniskönnun, lykt og smökkun og prófa sig áfram með sínar hugmyndir.

Stuðningur stjórnenda: Það verður að segjast, að það er vöntun á skilningi gagnvart því að stuðningur er jafn nauðsynlegur og ef ekki meira, í verkgreinum en heimastofum í bóklegu námi.

Áherslur skólans: Við tileinkum okkur aðferðir uppbyggingar í starfi okkar dags daglega og umhverfismenntin er mjög áberandi. Stefnan í list- og verkgreinum er að auka umhverfismeðvitund nemenda markvisst með innlögnum og í samtölum. Spjaldtölvur eru þónokkuð notaðar með eldri nemendum í myndmennt og í smíðakennslu.

Lokaorð:

Við unnum skemmtilegt samstarfsverkefni í smíði og textíl í 9.b, gagnlegt væri að þróa slík verkefni áfram og stækka í samstarfi inn á stigin.

Tímabilaskiptingin reyndist vel. Alfarið kennsla í textíl fyrir áramót og heimilisfræði eftir áramót. 2. 7. 8. og 9. bekkur komu einu sinni í viku í heimilisfræði og myndmennt á móti (reyndar 7. og 2. bekkur stakur í töflu) en öðrum hópum var skipt niður í 16 vikna lotur, tvisvar í viku.

Helena hitti list- og verkgreinakennara í Hagaskóla, Setbergsskóla og fleiri.

Helga fór í heimsókn til heimilisfræðikennara í Grundaskóla á Akranesi og viðaði að sér þekkingu hjá reynslumiklum heimilisfræðikennurum.

Við höfum sannarlega áhyggjur af tilvist list- og verkgreina næsta vetur í breyttu fyrirkomulagi. Við erum hræddar um að tækni, grunnþjálfun og aðferðir týnist niður. Það er mjög mikilvægt að tími sé gefinn í umsjón með list- og verkgreinastofum til verndar og umsjónar með tækjum, efnum og áhöldum.

Hvalfjarðarsveit 4. júní 2020

Helena Bergström og Helga Harðardóttir

Skólaíþróttir vorið 2020

Grunnupplýsingar: Helga Harðardóttir, 10 kst. sund hjá öllum stigum (Leikskólatímar til viðbótar). Sigurður Þ. Sigurpórsson 12 kst. Íþróttir á yngsta- og miðstigi og Örn Arnarson 4 kst. íþróttir á unglingastigi. 1.-10. bekkur þrjár kennslustundir í viku á alla hópa, nema 1., 2. og 3. bekkur fær tvo sundtíma.

Helstu verkefni: Settar voru upp lotur, þemu, fyrir ákveðnar íþróttagreinar dreifðar yfir veturinn í íþróttum, sundaðferðir fyrir sund. Ákveðinn stígangi var í ákefð og lengd verkefna.

Kennsluhættir: Leitast var við að hafa kennsluhætti eins einstaklingsmiðaða og hægt var, með ákveðni um bættan árangur og líkamsástand yfir veturinn. Áhersla var á félagslega blöndun innan hópa og virka þátttöku í leikjum og æfingum.

Upplýsingaflæði: Mjög mikilvægt er að upplýsingar berist vel milli bygginga, þar sem nokkur fjarlægð er milli húsa og íþróttastaðan nokkuð einangruð frá grunnskólanum. Fáir koma yfir og fer upplýsingaflæði helst fram símleiðis og í tölvupósti.

Náms- og kennsluáætlanir: Náms og kennsluáætlanir lágu fyrir á haustönn og tóku þónokkrum breytingum yfir veturinn. Aðlaganir og útfærslubreytingar komu jafnt og þétt með aukinni reynslu og þekkingu á nemendahópum. Nokkrir hópar voru mjög krefjandi og verkefnin urðu minni með þeim en áætlað var í byrjun. Hæfniviðmið voru ekki 100% uppfyllt vegna þeirra markmiða sem krefjast bóklegrar kennslu. Enginn bóklegur tími var á skólaárinu, þ.a.l. nokkur markmið vanrækt. Reyndi að hafa samræður ef vel stóð á og fræðslu í byrjun tíma og á tússtöflu, mjög stutt og hnitmiðað.

Grunnþættir menntunar: Eftirfarandi þættir eru til grundvallar í markmiðasetningu fyrir hvern námshóp fyrir sig með aðlögun að þroska og samsetningu hópanna. Matsviðmiðin byggjast á þeim.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ: Hreyfi sig alla daga vikunnar, um 60 mín á dag eða lengur - Taki þátt í leikjum og/eða stundi íþróttir-, líkams- og heilsurækt (íþróttir og sund) með ánægju og félagsleg samskipti að leiðarljósi - Hafi grunnþekkingu á mikilvægi góðrar næringar og nægum svefni og hvíld.

JAFNRÉTTI: Stundi fjölbreytta hreyfingu án fordóma á skólatíma og í nærsamfélagi - Allir þátttakendur hafi sömu réttindi til þátttöku í íþróttum burt séð frá kyni, aldri, kynþætti og líkamlegu atgervi - Læri að taka tapi og sigri í leik og keppni - Hafi fengið kynningu á þeim íþróttagreinum sem í boði eru í nærsamfélaginu.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI: Hafi fengið tækifæri til að velja sér hreyfingu við hæfi, á vegum skólans eða í nærsamfélaginu, þar sem hann fær tækifæri til að hafa áhrif á val á námsþáttum - Hafi jafnan rétt á við aðra að stunda hreyfingu a.m.k. 3x í viku í 40 mín í senn.

LÆSI: Fáir tækifæri til að ræða um mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu og vellíðan - Þekki áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta, lungu, vöðva og taugakerfi - Þekki heiti helstu líkamshluta - Tileinki sér reglur í leikjum, geti skorið úr ágreiningi sem upp kemur á jákvæðan hátt - Læri að lesa í aðstæður/umhverfi, náungann og sjálfan sig - Tileinki sér almennar reglur íþróttamannvirkja.

SJÁLFBÆRNI: Fáir tækifæri til að velja leik eða hreyfingu sem honum finnst áhugaverð og skemmtileg. Þjálfist í því að fara rólega af stað í upphafi og lok reglubundinnar hreyfingar og skilja hvers vegna, þekki eigin takmörk og getu. Hafi ánægju af því að hreyfa sig reglulega og læri að nýta umhverfið til líkams- og heilsuræktar. Sé meðvitaður um gildi æfinga sem stundaðar eru í íþróttatímum • **SKÖPUN:** Fáir tækifæri til að búa til eða hanna reglur/ leik/dans/hreyfingu. Stuðningur stjórnanda: Stuðningur stjórnenda er til staðar, endurgjöf og gott að leita ráða varðandi útfærslur og ráð.

Einstaklingsmiðun: Alltaf er leitast við að breyta og aðlaga æfingar/verkefni að einstaklingum. Öll börn hafa komið í hefðbundnar kennslustundir og þörfum þeirra mætt, það hefur gengið vel og framför verið í hreyfigetu og úthaldi. Engin sérkennsla var í sundi á þessu skólaári. Samstarf við stuðningsfulltrúa hefur verið nokkuð, leiðbeiningar um æfingar sem hægt er að gera í skólahúsnæðinu (utan íþróttatíma) til að efla hreyfiproska og færni.

Lokaorð: Til að taka saman skólaárið, þá hefur heilt yfir gengið vel. Samskipti við nemendur hafa gengið vel, gleði og mikil útrás hafa einkennt flesta tíma. Skert skólastarf vegna Covid-19 hafði mikil áhrif á íþróttakennslu eftir áramót og varð þess valdandi að ekki náðist að taka fyrir öll þau viðfangsefni sem voru á kennsluáætlun vetrarins. Eins voru mælingar á getu nemenda í einstökum íþróttagreinum ekki eins markvissar og að var stefnt í upphafi vetrar.

Það þarf að senda enn skýrari skilaboð til foreldra varðandi íþrótt- og sundföt, mikilvægi þess að mæta með réttan útbúnað og hversu mikilvægt hreinlæti er í tengslum við hreyfingu og heilsurækt.

Nú þegar stefnt er að breyttu fyrirkomulagi varðandi teymin gefst vonandi færi á að flétta íþróttir og útivist meira en áður inn í skóladag nemenda og auka þannig þann tíma sem gefst til hreyfingar á næsta skólaári til samræmis við það sem víða er gert annarsstaðar á Vesturlandi.

Helga Harðardóttir, Sigurður Þ. Sigurþórsson og Örn Arnarson

Hvalfjarðarsveit, 3. júní 2020

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa vorið 2020

Skólaárið 2019 – 2020 hefur náms- og starfsráðgjafi hitt unglingastig einu sinni í viku. Að venju hafa nemendur í 10. bekk fengið fræðslu um nám og störf en vegna aðstæðna hefur umfangið verið minna. Auk þess gátu nemendur í 10. bekk ekki farið í hefðbundnar starfskynningar, heldur fengu kynningu á störfum í nærumhverfinu. Með 10. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi fjallað um ólík störf, hvað þau fela í sér og hvaða eiginleika og menntun þarf til að gegna þeim. 10. bekkur hefur einnig fengið framhaldsskólakynningar, en vegna aðstæðna gátu þau ekki heimsótt FVA og MB eins og hefð er fyrir. Nemendur fóru í áhugasviðsgreininu og fengu kynningu á námstækni.

Með nemendum í 8. og 9. bekk hefur náms- og starfsráðgjafi unnið að eflingu félagsfærni með aukinni sjálfsþekkingu nemenda, eflingu samskiptafærni, umræðu um tilfinningar og áhrif þeirra á hugsanir og hegðun.

Náms- og starfsráðgjafi hefur hitt miðstig einu sinni í viku og unnið með félagsfærni og sjálfsþekkingu í gegnum Óskaveröldin mín en það er vinnubók sem nemendur útbúa sjálfir með leiðbeiningum frá náms- og starfsráðgjafa. Í bókinni er t.d. unnið með eflingu sjálfsmyndar, markmiðasetningu, kenndar leiðir að betri samskiptum og unnið með styrkleika. Auk þess er unnið að því að nemendur verði meðvitaðir um gildi jafnréttis í víðasta skilningi þess orðs og að þeir geri sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti.

Náms- og starfsráðgjafi hefur hitt yngsta stig einu sinni í viku og unnið með félagsfærni, eflingu samskiptahæfni og tilfinningaþroska. Að auki hefur náms- og starfsráðgjafi unnið með núvitund og aðferðir Hugarfrelsis til að efla börn, þar er lögð áhersla á góða og djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfsstyrkingu.

Einstaklings- og hópráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi hefur veitt bæði persónulega- og hópráðgjöf varðandi félagsfærni og samskipti, einelti, kvíða, námsval, námstækni, sjálfsstyrkingu ofl. á öllum stigum.

Önnur störf

Náms- og starfsráðgjafi hefur sinnt endurmenntun, verið í samstarfi við aðra sérfræðinga, kynnt starf náms- og starfsráðgjafa og haft samráð við náms- og starfsráðgjafa í öðrum skólum og verið í eineltisteymi og sinnt þeim málum, setið nemendaráðsfundi, starfsmanna- og kennarafundi.

Tillögur fyrir næsta skólaár

Mikilvægt er að náms- og starfsráðgjafi hafi bæði fasta og opna tíma í töflu þar sem starf hans er fjölbreytt og upp geta komið erfiðleikar þar sem nemendur þurfa stuðning eða ráðgjöf tímabundið. Þessari þörf þarf að mæta.

Skýrsla frá starfsfólki í tómstund vorið 2020

Tómstund var starfrækt á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum frá kl. 13:00 – 14:20. Alls voru 28 börn í tómstund og þrír starfsmenn.

Í tómstund er áhersla á skapandi starf og frjálsan leik, úti eða inni. Í frjálsa leiknum fær sköpunargleði barnanna að njóta sína. Einnig er áhersla á hreyfingu og að allir fái að njóta sín, reynt er eftir megni að bjóða börnunum upp á val og þannig að mæta þörfum þeirra og löngunum. Fjölbreytni var í hópaskiptingu og staðsetningu, t.d. val um staðsetningu, kynjaskipt, skipt eftir bekkjum og stundum allir saman. Ýmist var verið úti, í leikstofu, á bókasafni eða í íþróttasal.

Tómstund gekk heilt yfir vel í vetur og börnin virtust njóta sín í frjálsa leiknum.

Berglind S. og Sigríður Lára, vorið 2020

Skýrsla frá starfsfólki í frístund vorið 2020

Á skólaárinu var frístund í boði þriðja árið í röð fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Frístund var starfrækt mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:30 – 16:30. Ýmist var einn starfsmaður í frístund hverju sinni eða tveir og fór það eftir fjölda barna hverju sinni. Þó var alltaf einn starfsmaður eftir kl. 16:00. Reyndar var lagt upp með að ávallt yrðu tveir starfsmenn í frístund til kl. 16:00 og á haustönn var nokkur stöðugleiki í því fyrirkomulagi. Eftir áramótin í kjölfar starfsmannabreytinga má segja að staðan fyrir starfsmann nr. 2 hafi verið metin frá degi til dags. Þó börnin séu fá er alltaf betra að hafa tvo starfsmenn, með því er hægt að bjóða t.d. upp á val um leik úti eða inni.

Einnig var töluvert um það að elstu börnin mættu óreglulega í frístund og það kom fyrir að stundum var bara eitt barn eftir, í þeim tilvikum var hringt heim og athugað hvort foreldrar vildu fá börn sín heim sem þeir þáðu alltaf.

Börnin mættu í frístund kl. 14:20 í matsal skólans og fengu hressingu. Eftir hressingu var yfirleitt boðið upp á frjálsan leik í leikherbergi eða útveru. Stundum var boðið upp á frjálsan leik í íþróttasal

Heiðarborgar og var það mjög vinsælt. Reynt var að mæta þörfum barnanna um viðfangsefni t.d. var vinsælt að kubba, lita, tefla, teikna, búa til leikrit, leika með púða, kapplakubba, spila, leira, leika með leirsand, búðarleikur, eltingaleikur, fara í unglingarýmið, teikna og skrifa á töfluna. Frjáls leikur og sköpun var allsráðandi í frístund.

Heilt yfir gekk frístund vel. Hlustað var á börnin og hugsað um tilbreytingu. Börnunum kennt að ganga frá þegar skipt var um leik. Börnunum virtist líða vel og ekki annað að heyra en foreldrar væru mjög ánægðir með frístundastarfið.

Í heildina voru 12 börn skráð í frístund á árinu, lengst af voru 9 af þeim skráð í hálfa vistun og 3 í heila vistun. Skipting eftir bekkjum var eftirfarandi:

1. bekkur	2
2. bekkur	2
3. bekkur	3
4. bekkur	5
Samtals	12

Skráning hvern mánuð eftir vikudögum var eftirfarandi:

	Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar
September	6	4	8	6
Október	6	4	8	6
Nóvember	7	5	9	7
Desember	7	5	9	7
Janúar	7	7	8	7
Febrúar	7	6	10	8
1.- 13. mars	7	6	10	7
16. mars – 30. apríl	Frístund ekki starfrækt vegna Covid-19			
Maí	7	6	9	6

Berglind S. og Sigríður Lára, vorið 2020

Skýrsla frá bókasafni Heiðarskóla vorið 2020

Almennar upplýsingar um starfsárið:

Á bókasafninu störfuðu Jónella Sigurjónsdóttir og Sunneva Hlín Skúladóttir. Undir vor kom Jóhanna Sigríður Vilhjálmsdóttir einnig til starfa á safninu.

Opnunartímar voru hvern virkan dag frá kl. 8.20-9.00.

Kennslustundir á bókasafninu voru 3 í viku, fyrir 5.-7. bekk í Heiðarskóla. Til umsjónar bókasafns voru til umráða þrjár klukkustundir á viku. Þar af var ein stund notuð í afgreiðslu. Aðrir kennarar notuðu safnið undir kennslu og var það einnig nýtt í tómstund á yngsta stigi.

Starfsemi á safninu:

Mikilvægt er að kynna safnkostinn fyrir nemendum og hreyfa bækurnar til á safninu til þess að vekja áhuga þeirra á þeim.

Í september var lögð sérstök áhersla á að fjölga fræðibókum á safninu. Þær voru keyptar inn, skráðar og stillt upp.

Í október var drauga- og hryllingsbókum stillt upp.

Í desember fór fram jólalestur. Markmiðið var að nýta jólabækurnar sem safnið á til þess að auka lestur í desember. Einnig var nokkrum jólabókum bætt við safnkostinn. Nemendur gátu tekið þátt, þeir áttu að lesa fimm jólabækur og skrá á miða. Þegar þeir skiluðu miðanum fengu þeir bókamerki með nafninu sínu á og gömlu jólasveinanafni. Ef þeir skiluðu öðrum miða fengu þeir límmiða á bókamerkið sitt.

Í janúar var bókaáskorunin 2020 kynnt til leiks. Þar bauðst nemendum að taka þátt og lesa 12, 52 eða 100 bækur á árinu. Þátttakendur fengu mynd af sér upp á vegg um leið og þeir skiluðu inn blaði með að lágmarki 12 lesnum bókum. Þessari áskorun er ekki lokið en þegar eru þó nokkrar myndir komnar upp á vegg.

Í febrúar voru nýjar bækur keyptar inn á safnið, þær skráðar og þeim stillt upp.

Í mars var lögð áhersla á góðar unglinga- og ungmennabækur í tengslum við lestrarátak í unglingadeild. Aukalega voru keyptar inn nokkrar bækur sem þótti vanta fyrir þennan aldurshóp.

Starfsemi bókasafnsins stöðvaðist síðan alveg í mars og fram í maí vegna skerts skólahalds.

Í maí var öllum unglinga- og ungmennabókum safnað saman og þær settar í sér hillu. Þetta var gert vegna þess að nemendur í unglingadeild kvörtuðu yfir því að finna ekki efni við sitt hæfi í hillum safnsins.

Kennsla á safninu:

Nemendur í 5.-7. bekk fengu fjölbreytta fræðslu á skólasafninu sínu og eru hér nokkur dæmi nefnd. Unnin voru verkefni sem þjálfuðu nemendur í notkun Dewey-flokkunarkerfisins. Nemendur æfðu sig í að leita að gögnum á leitir.is. Bókakynningar (bókasmakk) voru haldnar. Ein rithöfundakynning var haldin og var fjallað um Guðrúnu Helgadóttur. Viku síðar var haldin Kahoot keppni upp úr efninu um Guðrúnu og bækurnar hennar. Nemendur unnu verkefni í tengslum við þemaviku skólans um neyslu og loftslagsbreytingar. Einnig bjuggu þeir til origami bókamerki og gáfu skólasystkinum sínum á yngsta stigi. Farið var í ratleik á bókasafninu og bókadómur skrifaður.

Samantekt tölvuumsjónarmanns vorið 2020

Tölvuumsjónarmaður sér um að tölvubúnaður skólans sé í lagi. Í Heiðarskóla er fartölvuvagn með 20 Chrome-book tölvum, 12 fartölvur sem kennarar hafa til umráða, 17 borðtölvur og um 100 snjalltölvur sem bæði starfsfólk og nemendur hafa aðgang að. Á þessu skólaári keyptum við 5 nýjar borðtölvur (bókasafn - vinnuherbergi starfsfólks - skólastjóri - salurinn - verk og listrými). Einnig voru keyptar 9 snjalltölvur.

Samantekt matráða vorið 2020

Helstu verkefni matráða eru að sjá morgun- og hádegisverð, ávaxtastund, hressingu í frístund og öll þrif í mötuneyti. Einnig sjá matráðar um önnur tilfallandi verkefni t.d. kaffiveitingar á fundum þegar gestir eru í húsi. Matráðar sjá um að panta allt inn fyrir mötuneytið og gera matseðla í samráði við matráð í Skýjaborg. Í innkaupum er sparnaður hafður í huga ásamt því að versla í heimabyggð og kaupa íslensk matvæli eins og hægt er. Í vetur var áhersla á að reyna að draga úr plastnotkun, búið er kaupa fjölnota plastglös fyrir útnámsdaga og nestisbox fyrir nemendaferðir. Markmiðið er að hætta að nota plastpoka utan um samlokur í nemendaferðum. Einnig hefur verið tekin sú ákvörðun að hætta að kaupa plasticsogrör. Í skólanum er boðið upp á hollan heimilismat sem eldaður er frá grunni. Matráðar vinna mjög vel saman og verkin ganga smurt fyrir sig, jafnvel án orða. Heilt yfir gekk síðasti vetur mjög vel.

Sigga K. og Kata G.

7.5 Skýrslur Skýjaborgar 2019-2020

Hér koma skýrslur frá Skýjaborg. Í ár er það ein skýrsla. Aðstoðarleikskólastjóri skrifaði skýrslu um hvernig staðið er að menntun og þroska barna, foreldrasamstarf og annað samstarf á skólaárinu.

Leikskólastarf í Skýjaborg

Menntun og þroski

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólastarfi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Í námskrá eru þau aðgreind til að tryggja hverju og einu sinn sess í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi, skipulögðu hópastarfi og leik. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskráargerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í skólanámskrá.

Daglegt líf í Skýjaborg snýst um leik, verkefni og samskipti sem gefa börnunum tækifæri til að læra á eigin forsendum og þróa skapandi hugsun og gleði, bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki, umhverfi sínu og öllum lifandi verum, vera skapandi einstaklingar sem blómstra í samfélagi við aðra, njóta hreyfingar úti og inni og neyta hollrar fæðu, leika sér með efnivið sem er skapandi og fræðandi, nema í gegnum leikinn og styrkja vinaböndin.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er starfið byggt á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánu samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur unnu barnahópar með þemu með aðferð könnunaraðferðarinnar líkt og hefur verið gert undanfarin ár. Unnin voru verkefni á eldri deild um grunnskólann, krumma og fjölskylduna ásamt fjölda minni verkefna. Inn í verkefnin fléttast síðan byrjendalæsi/leikskólalæsi og tengjum við umhverfismennt og grænfánaverkefni inn í öll þemu. Á yngri deild var unnið með þemað “ég sjálf/ur” og líkamann, ásamt mörgum öðrum minni verkefnum.

Síðastliðinna fjóra vetur hafa starfsmenn verið að þróa jógastarf með börnunum. Jóga er hluti af lífsleikniáætlun leikskólans þar sem slökun er kynnt fyrir börnunum. Líkt og í öllu starfi í leikskóla er lagt með að stundirnar sé leikur sem veitir gleði. Jafnframt er lagt upp með að jóga ýti undir einbeitingu, slökun, liðleika, hreyfingu, snertingu, jafnvægi í sál og líkama og sjálfsaga.

Samstarf við samstarfsaðila

Slökkvilið á Akranesi hefur verið í samstarfi við skólann. Slökkviliðsstjóri heimsótti leikskólann á haustönn og ræddi við börnin. Þá fór elsti árgangur í heimsókn á slökkvistöðina í vetur.

Hjúkrunarfræðingur kom í skólann og sinnti 4 ½ árs skoðunum barna.

Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst með

þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataherbergi. Útbúin eru mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataherbergi. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Karellen leikskólakerfið notum við í Skýjaborg í samskiptum við foreldra. Samskipti við foreldra geta farið í gegnum skilaboð í kerfinu og myndum er þar deilt með foreldrum. Þar má einnig má finna dagatal leikskólans með helstu viðburðum á skólaárinu.

Leikskólinn heldur úti „Like“ síðu á facebook til að kynna skólastarfið.

Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er vel virkt stendur að ýmsum viðburðum á skólaárinu. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Leikskólinn fór af stað með nýtt fyrirkomulag með foreldraviðtöl og eru haldin í kringum afmælisdag barnsins, en foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Almenn ánægja var hjá foreldrum í vetur með þetta nýja fyrirkomulag og með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, maí 2020

7.6 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Hér fyrir neðan er farið yfir daga og viðburði á skólaárinu þar sem skólastarfið er brotið upp, í Skýjaborg annars vegar og í Heiðarskóla hins vegar.

Skýjaborg

Vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataherbergi á báðum deildum og sett inn á heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl: Almenn foreldraviðtöl eru haldin í kringum afmælisdag barnsins, en foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Dagur læsis 8. september (haldinn föstudaginn 6. september).

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans.

Bleikur dagur 10. október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Umferðarvika 14.-18. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 25. október: Þá máttu börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum. Haldið var náttfataball.

Dagur íslenskrar tungu 15. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum og elstu börnin fá að fara út og flagga íslenska fánanum ef veður leyfir. 3. bekkur kom í heimsókn og las fyrir börnin 19. nóv. Rithöfundurinn Eva Rún kom í leikskólann og las uppúr bókinni sinni Stúfur.

Smákökubakstur, 26 nóv og piparkökur skreyttar: Börn og starfsfólk hjálpaðist að við skera út piparkökur í ýmsum stærðum og gerðum. Börnunum var velkomið að koma með kökukefli, piparkökuform og svuntu að heiman og nýttu einhverjir sér það. Þetta var svo allt nýtt í sameiningu. Börnin á dropanum gerðu litlar kúlur úr súkkulaðibitadeigi og smakkaðist það mjög vel.

Rýmingaræfing: 28.nóvember: Haldin var rýmingaræfing með börnunum. Æfingin var um kl. 9:15, starfsfólk og börn vissu af henni og var undirbúið. Slökkviliðsstjóri mætti á svæðið og fylgdist með hvernig til tókst. Allt gekk vel og rætt var við börnin í framhaldi um ástæðu æfingarinnar.

Kveikt á jólatrénu, 2. desember: Börn og starfsfólk fóru og tendruðu ljósín á jólatrénu hjá Stjórnsýsluhúsinu. Við gengum í kringum jólatréð og sungum nokkur jólalög, gott veður og gekk mjög vel. Eftir að búið var að kveikja á jólatrénu þá var okkur boðið í hressingu í Stjórnsýsluhúsinu.

Jólaleikrit 3.desember: Hefð hefur verið fyrir því að foreldrafélagið bjóði börnunum upp á jólaleikrit fyrir jólin og þetta árið varð fyrir valinu Jólasaga Skröggs.

Fullveldisdagurinn 3. desember: Þá voru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Jólaaðventukaffi 5. desember: Börnin buðu foreldrum og vandamönnum í piparkökur og súkkulaðibitakökur sem börnin bökuðu sjálf.

Litlu jólin, 12. desember: Þá var haldið jólaball um 10 leytið þar sem jólasveinn mætti (í boði foreldrafélagsins) (kl. 10:30). Þetta var alveg frábær jólasveinn sem söng og dansaði með okkur, gaf

börnunum mandarínur (úr eldhúsi). Í hádegismatinn var svo jólamatur bayonskinka og meðlæti. Börnum var velkomið að mæta í fínni fötum.

Bóndadagskaffi 24. janúar: Á bóndaginn var öllum körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi frá 8:30-9:30. Gekk vel og passlega langur tími. Fyrir kaffið höfðu börnin teiknað pabbamynd sem hengdar voru upp.

Þorrinn: Á þorranum æfa börnin þorralög og einn dag var haldið þorrablót.

Rafmagnslausdagur 31.janúar: Þann dag reynum við að takmarka eins og við getum notkun rafmagns. Við höfum ljósín slökkt og fáum mat sem er ekki eldaður í ofni. Börnum var boðið að koma með vasaljós þar sem ansi dimmt er úti langt fram eftir morgni þessa dagana. Mikil gleði var í vasaljósaleik að morgni. Morgunmaturinn var borðaður við kertaljós sem bjó til kósý stemningu.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Dagur stærðfræðinnar 7.febrúar: Útbúin var dagskrá yfir daginn þar sem börnin gátu unnið á stöðvum með numicon, talningu, teningaspil, flokkun, myndlist tengt tölum. Umræður voru við matborðið um fjölda og stærð. Í útiveru var ýmis fjöldi skoðaður með börnunum.

Tannverndarvika 10.-14. febrúar: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Konukaffi 21.febrúar: Í tilefni konudags 24. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Bolludagur 24.febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjórabollur í kaffitíma. Börnin gerðu bolluvendi og fóru með heim.

Sprengidagur 25.febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 26.febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

Dans: Í 5 vikur í febrúar og mars er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa. Námskeiðið var mjög vel heppnað og náði kennarinn vel til barnanna. Elstu börnin á dropanum fengu að taka þátt og gekk það mjög vel. V/COVID-19 fengu börnin þrjá tíma af fimm út af þessum skrifnu tímum.

Blár dagur í apríl: Sýnum einhverfum stuðning og samstöðu með bláum degi.

Dagur umhverfisins, 25. apríl: Þá var farið út að tína rusl og útbúið var ruslaskrímsli úr ruslinu sem fannst.

Vorskóli elstu barna: Vorskólinn fyrir útskriftarárgangin í Heiðarskóla átti að fara fram dagana 5.-7.maí en v/COVID-19 þá færðust þeir til 18.-19.maí og fengu börnin tvo daga í staðin fyrir þrjá. Börnin fóru með skólarútunni að heiman og fóru í Heiðarskóla tvo heila daga og komu ekkert í leikskólann þann tíma.

Útskrift, 14. maí: V/COVID-19 þá var útskrift með öðru sniði þetta árið. Útskriftin fór fram með börnunum og kennurum og var ekki hægt að bjóða foreldrum með þetta árið v/COVID-19, athöfnin var

falleg og góða stund börnin fengu afhent skírteini og birkiplöntu að gjöf. Hátíðarmatur var í leikskólanum og svo fengum við okkur fallega skreyttar möffins eftir útskriftina.

Útskriftarferð, 26. maí: Útskriftarhópurinn fór í útskriftarferð á Akranes. Önnur dagskrá í ár en vanalega v/COVID-19. Farið var í skógræktina og svo voru grillaðir hamborgarar, mjög góð ferð í alla staði.

Sveitaferð: Féll niður v/COVID-19

Umferðarvika 25.-29. maí og hjóladagur 28. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu: Sett var upp vorsýning í Stjórnsýsluhúsinu líkt og síðustu ár. Þar var hluti af afrakstri vetrarins settur upp og sýndur almenningi. Þessi sýning féll niður þetta árið v/COVID-19

Útidótadagur: 23. Júní: Hefð er fyrir því að hafa útidótadag einn veðurblíðan dag í júní. Dróst hann fram í júlí að þessu sinni og börnum boðið upp á að koma með dót sem mætti vera bæði úti og inni. Þetta var einn af fáum rigningardögum en gekk vel og allir ánægðir.

Heiðarskóli

Ágúst:

- Skólasetning Heiðarskóla. Skólastjóri setti skólann. Námsþópar hittu umsjónarkennara í heimastofum og fengu afhentar stundatöflur. Kaffiveitingar í lokin.
- Haustferðir nemenda: Unglingastig gekk Síldarmannagötur og gisti í skátaskálanum. Miðstig gekk upp með Leirá, fyrirhugað var að ganga á Snók en sökum þoku var fallið frá því. Yngsta stig fór í Vatnaskóg.
- Miðstigsleikar í Borgarnesi - samstarfsskólarnir.

September:

- Dagur læsis.
- Umsjónarkennarar tóku einstaklingsviðtöl við nemendur, áhersla á markmiðssetningu.
- Dagur íslenskrar náttúru, skólastarfið fór fram í Álfholtsskógi. Áhersla á að njóta náttúrunnar.
- Teknar upp kartöflur.
- Haustfundir með foreldrum/forráðamönnum hvers stigs. Langur dagur hjá nemendum á meðan. Samverustund kennara, forráðamanna og barna í lokin, áhersla á skemmtilega samveru t.d. spilað, sameiginleg pizzugæð og leikir.
- Norræna skólahlaupið.
- Saft fræðsla um nettöryggi fyrir nemendur í 6. bekk í boði Heimilis og skóla.
- Sigga Dögg með kynfræðslu fyrir nemendur í unglingadeild í boði Heimilis og skóla.
- Stéttarfélag Vesturlands styrkti tónlistarkennslu í Heiðarskóla með 100.000 kr. fjárframlagi til hljóðfærakaupa. Samstarf var haft við Tónlistarskólann á Akranesi með hljóðfærakaupin og m.a. var keyptur vandaður gítar.
- Fjölgreindarleikar; nemendur í aldusblönduðum hópum í stöðvavinnu þar sem styrkleikar fengu að njóta sín. Hóparnir borðuðu saman í lokin.
- Vettvangsferð 1. bekkjar og Fílahóps í Álfholtsskóg.

Október:

- Morgunsöngur.
- Umhverfispæmi: Hvert og eitt stig vann verkefni tengt loftslagsbreytingum, allir nemendur skólans gróðursettu tré. Sjálfbæru hillu skólans gert hátt undir höfði. Foreldrasýning í lok vikunnar.
- Tæknimessa í Fjölbautarskólanum á Akranesi fyrir 8. – 10. bekk.
- Starfsnám innan skóla; nemendur á miðstigi í áhugasviðsvali tóku þátt í störfum skólans m.a. í leikskólanum Skýjaborg, mötuneyti, aðstoð við sundkennslu og yngri barna kennslu.
- Bleikur dagur, þeir sem vildu mættu í bleiku.
- Nemendur í 9. bekk í skólabúðum á Laugarvatni.
- Jól í skókassa.
- Foreldraviðtöl.

Nóvember:

- Haustferð yngsta stigs í Klébergsskóla.
- Haustferð miðstigs í Klébergsskóla.
- Verum ástfangin af lífinu – Þorgrímur Þráinsson með erindi fyrir unglinga.
- Hrekkjavökudagur á yngsta stigi.
- Kanadasamstarf: ALICE verkefni í samstarfi við kanadísku og íslenska skóla. Sameiginleg ráðstefna allra aðila í Reykjavík – hvernig gerum við góðan skóla betri. Fjórir nemendur og 5 starfsmenn frá Banded Peek school í Alberta í Kanada tóku þátt í skólastarfinu í Heiðarskóla í 4 daga. Nemendur gistu hjá nemendum Heiðarskóla.
- Dagur íslenskrar tungu, Sævar Helgi Bragason og Eva Rún Þorgeirsdóttir héldu erindi um hvernig bækur breyta heiminum.
- Nemendur í 3. bekk heimsóttu Skýjaborg og lásu upp fyrir leikskólabörnin.
- Nemendur í 7. bekk lásu upp fyrir leikskólabörn á bókasafni Heiðarskóla.
- Æskulýðsball í Borgarnesi fyrir unglinga á vegum Félagsmiðstöðva.

Desember:

- Fullveldishátíð, nemendur í 1. og 2. bekk ásamt elsta árgangi Skýjaborgar voru með atriði sem tengdist barnasáttmálanum og nemendur í unglingadeild fluttu frumsamið leikrit.
- Æfð rýming fyrir nemendur og starfsmenn í samstarfi við slökkviliðið á Akranesi.
- Nemendur í 3. bekk heimsóttu Slökkvistöðina á Akranesi.
- Jólaball samstarfsskólanna á Varmalandi fyrir unglinga.
- Matarsóunarverkefni í umhverfismennt þar sem nemendur vigtuðu eigin matarleifar í viku.
- Nemendur í 10. bekk fóru í Álfholtsskóg og völdu jólatré fyrir skólann. Þeir sáu um að saga tréð og koma því á bíl. Skógræktarfélag Skilmannahrepps aðstoðaði krakkana og bauð þeim upp á kakó og smákökur í Furuhlíð.
- Jól morgunstund - foreldrum boðið í söng og morgunverð, margir höfðu með sér smákökur.
- Litlu jólin í Heiðarskóla

Janúar:

- Varðeldur í morgunsárið, söngur og heitt súkkulaði.
- Foreldraviðtöl.

- SamVest ball á Akranesi fyrir unglinga.
- Rausnaleg gjöf frá fyrrum nemendum skólans (árgangar 1970 – 1980) barst í formi fjármagns upp á um 90.000 kr. Keyptur var þráðlaus hljóðnemi sem á eftir að nýtast okkur vel á nemendasýningum.

Febrúar:

- Þorrablót Heiðarskóla, skemmtiatriði frá hverju stigi, söngur og þorramatur.
- Nemendur í 7. bekk í skólabúðum á Reykjum í Hrútafirði.
- Dagur stærðfræðinnar – stöðvavinna í aldursblönduðum hópum, áhersla á mynstur.
- Menntaskóli Borgarfjarðar með kynningu fyrir nemendur í 10. bekk í Heiðarskóla.
- Dansnámskeið hófst.
- Öskudagsgleði, búningar, nammistöðvar, ball á yngsta stigi og hæfileikakeppni.

Mars:

- Skíðaferð unglinga í Bláfjöll.
- Tónmenntakennari kíkti í heimsókn og tók lagið með yngsta stigi.
- Takmarkað skólahald vegna heimsfaraldurs hófst 17. mars þar sem hópar voru aðgreindir samkvæmt tilmælum yfirvalda. Skóladagurinn var skertur og kennt í samfelldu skólastarfi án skólabjöllu frá kl. 8:10 – 11:30.

Apríl:

- Takmarkað skólastarf vegna heimsfaraldurs allan mánuðinn.

Mái:

- Nemendur og starfsmenn unglingadeildar í sóttkví. Fjarnám stundað í u.þ.b. tvær vikur.
- Stóra upplestrarhátíðin í Heiðarskóla og lokahátíðin á Varmalandi.
- Survivordagur í Álfholtsskógi.
- Gróðursetningardagur.
- Vorferðir - yngsta stig fór á Akranes, miðstig fór á Þjóðminjasafnið og í sund, unglingastig fór í tveggja náttu ferð í Heydal á Vestfjörðum.
- Unicef – hreyfingin, nemendur skólans hlupu áheitahlaup og þeir sem vildu söfnuðu áheitum og styrktu þannig börn innanlands sem utan í gegnum starfsemi UNICEF.
- Kynningarfundur fyrir foreldra vorskólabarna féll niður vegna takmarkana vegna heimsfaraldurs, þess í stað voru tekin símaviðtöl í kjölfar tölvupósts.
- Vorskólinn, allir bekkir færðust upp um einn í tvo daga. Nemendur í 10. bekk fóru í starfskynningar, að mestu innan skólans vegna heimsfaraldurs.
- VR með kynningu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir nemendur í 10. bekk.
- Hjóladagar í 1. – 7. bekk frá 11. maí og út mánuðinn.
- Íþróttadagur Heiðarskóla, töltkeppni eftir hádegi, sex knapar tóku þátt.

Júní:

- Skólaslit Heiðarskóla fóru fram með breyttu sniði vegna fjöldatakmakana. Nemendur í 1. – 9. bekk mættu með skólabílum, án foreldra, á stutta athöfn þar sem voru grillaðar pylsur, leikur

úti og afhending vitnisburðar. Nemendur í 10. bekk fengu hátíðleg skólaslit þar sem aðstandendum var boðið og takmarkanir um fjölda voru virtar.

- Frágangur, skýrslugerð og tiltekt.

Sundhópur: Hópur fólks úr Hvalfjarðarsveit sótti sundleikfimi á mánudögum og fimmtudögum fram að takmörkunum vegna heimsfaraldurs. Hópurinn borðaði hádegisverð í skólanum.

Tónlistarskólinn á Akranesi: Tónlistarskólinn á Akranesi hélt úti kennslu í Heiðarskóla. Kennt var á gítar og píanó. Nemendur Tónlistarskólans héldu eina tónleika í Heiðarskóla og nokkrum sinnum voru haldnir hádegistónleikar í matsalnum.

Morgunsöngur: Morgunsöngur var að jafnaði einu sinni í mánuði, þá hittust nemendur og starfsmenn skólans í matsal og sungur nokkur lög.

Óveðursdagar: Skólahald var felld niður 10. desember vegna slæmrar veðurspár, 11. desember og 14. janúar vegna veðurs. Á skipulagsdegi 14. febrúar unnu starfsmenn heima þar sem Veðurstofa Íslands hafði gefið út rauða viðvörun fyrir svæðið.

8 Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla á foreldraráð að starfa í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Samkvæmt lögum má sameina þessi tvö ráð í sameinuðum skóla og var það gert í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar árið 2011. Starfsáætlun og helstu verkefni skólaráðs má finna í skólanámskránni og einnig hér á heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.1 Skólaráð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í skólaráði sitja skólastjórar, tveir foreldrar af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði sem stjórn foreldrafélagsins velur, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð 2019 – 2020:

- Anton Teitur Ottesen, fulltrúi nemenda úr 9. bekk
- Berglind Ó. Jóhannesdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Birna Sólrún Andréddóttir, fulltrúi foreldra í Skýjaborg og Heiðarskóla
- Elmar Snorrason, fulltrúi foreldra í Heiðarskóla
- Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir, skólastjóri Skýjaborgar
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, grunnskólakennari í Heiðarskóla
- Ronja Rán Pálsdóttir, fulltrúi nemenda úr 10. bekk
- Sigríður Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri Heiðarskóla
- Sigurbjörg Friðriksdóttir, kennari og deildarstjóri í Skýjaborg
- Sigurður Arnar Sölvason, fulltrúi foreldra í Skýjaborg
- Sólrún Jörgensdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna í Heiðarskóla

Samkvæmt starfsáætlun ráðsins á skólaráð að funda fjórum sinnum yfir skólaárið. Skólaráð fundaði tvisvar sinnum á skólaárinu. Á fyrri fundi var farið yfir hlutverk og starfsáætlun skólaráðs. Starfsáætlanir lagðar fram til samþykktar. Árs- og sjálfsmatsskýrsla frá árinu áður lögð fram. Á seinni fundi var lögð fram tillaga að breytingu á starfsáætlun ráðsins um að sameina fundi eitt og tvö, tilraunaverkefni til eins árs í Heiðarskóla lagt fram og samþykkt, skipulag fyrir næsta skólaár kynnt o.fl. Þriðji fundur féll niður sökum heimsfaraldurs en skóladagatöl leik- og grunnskóla voru samþykkt af öllum í tölvupósti.

Fundargerðir skólaráðs má finna á slóðinni: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/skolarad-1>

8.2 Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Í stjórn foreldrafélagsins sitja 6 foreldrar, þrír fulltrúar grunnskólans og þrír fulltrúar leikskólans, auk tveggja starfsmanna af sitthvoru sviðinu.

Í aðalstjórn foreldrafélagsins 2019-2020 eru:

- Andrea Ýr Arnardóttir fulltrúi leikskólans - formaður

- Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, formaður, fulltrú grunnskólans.
- Ásta Jóna Ásmundsdóttir, ritari, fulltrúi leikskólans.
- Bára Tómasdóttir, gjaldkeri, fulltrúi grunnskólans.
- Inga María Sigurðardóttir, fulltrúi leikskólans.
- Andrea Ýr Arnarsdóttir, fulltrúi leikskólans.
- María Ragnarsdóttir, fulltrúi grunnskólans.

Varamenn:

- Berglind Sigurðardóttir, fulltrúi grunnskólans.
- Guðlaug Ásmundsdóttir, fulltrúi grunnskólans.
- Sigurður Ólafsson, fulltrúi leikskólans.
- Baldvin Örn Einarsson, fulltrúi leikskólans.

Foreldrafélagið fundaði reglulega á skólaárinu og má finna fundargerðir félagsins á heimasíðu skólans:

<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/foreldrar/foreldrafelag>

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum árlegum viðburðum.

9 Heiðarborg

Haustið 2019 voru tveir starfsmenn ráðnir sem starfsmenn hússins á skólatíma, einn karlkyns og einn kvenkyns, í 75% starfshlutfall hvor. Með þessu var mögulegt að vera með gæslu í báðum búningasklefum í öllum kennslustundum sem var breyting frá fyrra ári. Í Heiðarborg fer fram íþróttakennsla fyrir nemendur Heiðarskóla og elsta árgangs Skýjaborgar. Einnig er húsið nýtt á skólatíma stöku sinnum fyrir frístund og tómstund.

Aðstaða Heiðarborgar er eftirfarandi;

- 12,5m innisundlaug
- Íþróttasalur
- Tækjasalur

Heiðarborg opnaði fyrir almenning 2. september. Einn starfsmaður var starfandi í Heiðarborg á opnunartíma fyrir almenning frá kl. 16:00 – 21:00 mánudaga til fimmtudag og á laugardögum frá 10:00 – 15:00. Aðgangur í Heiðarborg var ókeypis.

Um áramót 2019/2020 færðist umsjón Heiðarborgar af hendi skólastjóra Heiðarskóla yfir á Frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

10 Viðhengi 1

10.1 Starfsmannasamtöl Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2019-2020

Markmið þessa starfsmannasamtals er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg er fyrir frammistöðu starfsmanns og vinnustaðinn. Samtalið skal vera gagnrýnið, uppbyggilegt og umfram allt gagnlegt. Helstu niðurstöður og athugasemdir eru skráðar á þetta blað. Innihald þessa blaðs er ætlað skólastjóra en flokkast að öðru leyti sem trúnaðarmál.

Samtalið gengur út frá neðangreindum þáttum en einnig er gefinn kostur á að ræða önnur mál. Með hverjum þætti fylgir smá gátlisti sem er alls ekki tæmandi né hugsaður til að afmarka umræðuna.

Þar sem að starfsmaður á að gefa sitt mat er ætlast við einkunnagjafir sem síðan er birt opinberlega fyrir skólann í heild sinni. Kvarði í matinu er: 1, 3, 5, 7, 9

Annað sem kemur fram í samtalinu og þarfnast úrbóta er sett í farveg, kynnt fljótlega á starfsmannafundi og hrint í framkvæmd þar sem verkefnum er raðað niður á dagsetningar.

Með þessu eigum við að geta haldið betur utanum;

- Hvern einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir einstakling
- Hreyfingar milli ára fyrir heildina
- Hreyfingar milli ára milli starfshópa

Uppgjör og eftirfylgni:

- Uppgjörsskýrsla og helstu niðurstöður birtar
- Viðbragðsáætlun birt
- Verkáætlun birt

Ánægja í starfi:

Mitt mat: _____

(Hvernig hefur líðan þín í starfi verið undanfarinn vetur? Hvað ertu ánægð(ur) / óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur? Hvað getur þú gert betur?)

Sjálfsmat:

Mitt mat: _____

(Leggðu mat á sjálfan þig m.t.t. frumkvæðis, fagmennsku, jákvæðni, þjónustulundar o.fl. Hverjir eru styrkleikar þínir í starfi? Hvað ert þú að gera vel í vinnunni? Hvað myndir þú vilja bæta hjá þér í starfinu? Markmið?)

Samskipti og starfsandi á vinnustaðnum:

(Leggðu mat á sjálfa(n) þig m.t.t. daglegra samskipta og samvinnu, hefða og venja á vinnustaðnum, upplýsingaflæðis o.fl. Hvað er gott? Hvað má betur fara og hvernig?)

- a) Gagnvart vinnufélögunum (Ríkir starfsgleði, samvinna, tillitssemi og virðing? Hvernig eru þín samskipti við aðra starfsmenn? Hvað get ég gert betur? Hvernig er starfsandinn?)

Mitt mat: _____

b) Gagnvart foreldrum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust? Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti?) **Mitt mat:** _____

c) Gagnvart börnum (Jákvæð samskipti / neikvæð samskipti? Tenging og traust? Uppbyggileg samskipti? Erfiðleikar með samskipti? Hvað getur þú gert til að bæta samskipti við börn?)

Mitt mat: _____

Stjórnun á vinnustaðnum:

Mitt mat: _____

(Upplýsingaflæði, samskipti, vinnuskipulag, stuðningur, boðleiðir, stjórnun, áherslur í starfi, gegnsæi)

Vinnuaðstaða, vinnuálag og kröfur:

Mitt mat:_____

(Er þér ljóst hvaða kröfur eru gerðar til þín í starfi? Aðalnámskrá, kjarasamningar, starfslýsingar, endurmenntun, áherslur skólans o.fl. Er álag í vinnunni? Hvað veldur álaginu? Færðu að taka þátt í mótun starfs og starfsumhverfis? Tillögur að breytingum á vinnuaðstöðu? Tillögur um breytt vinnuskipulag?)

Fræðsla og starfsþróun:
mat:_____

Mitt

(Hvaða símenntun hefur starfsmaður sótt síðasta ár? Hvar vantar upp á hæfni og kunnáttu? Aukin menntun? Sækja námskeið? Lestrarefni? Tilfærsla í starfi? Ný verkefni?)

Verkferlar og vinnubrögð sem mætti bæta:

(Upplýsingaflæði, handbók starfsmanna, starfslýsingar, starfsmannadagatal, náms- og kennsluáætlanir, vinnuskipulag, boðleiðir, stefnur / reglur / áætlanir o.fl. Hvað getur þú bætt hjá þér með vinnuferla og vinnubrögð?)

Annað:

(Eitthvað sem viðkomandi aðilar vilja ræða um og skrá sérstaklega? Athugasemdir / ábendingar?)

Ósk um starfsstöð /-svið /-hlutfall fyrir næsta skólaár:

(Kennarar: kennsla námsgreina, starfshlutfall, teymisvinna, yngsta / mið / elsta stig. Almennir starfsmenn: ný verkefni, starfshlutfall, deildir)

Fyrsta ósk: _____

Önnur ósk: _____

Þriðja ósk: _____

Dagsetning: _____ Starfsmaður: _____

Stjórnandi: _____

Mitt mat / stig samtals: _____

Mitt mat / meðaltal: _____